

Brotaviljinn var kerfisins, segja börn Sævars Ciesielski



Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, segir mikilvægt að sannleiksnefnd um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna verði sett á fót. Börn Sævars Marinós Ciesielski hafa lengi vonast eftir því að mannorð föður þeirra verði hreinsað. Stórt skref að því marki var stigið á föstudag. Þau vona að faðir þeirra fái að hvíla sem saklaus maður. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Bændaforingi telur of margt fé í landinu

Forstjóri Fjallalambss segir allt að 200 króna tap á hverju einasta kíló af útfluttu lambakjöti. Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna segir að fækka verði sauðfé í landinu verði aðstæður ekki hagstæðari.

LANDBÚNAÐUR „Eins og staðan er núna á erlendum mörkuðum erum við að tapa um 150 til 200 krónum á hverju einasta kíló sem við sendum til útflutnings,“ segir Björn Víkingur Björnsson, forstjóri Fjallalambss á Kópaskeri.

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir ytri aðstæður ekki hafa verið hagfelldar fyrir útflutning á lambakjöti síðustu misseri. Gengi krónunnar sé of hátt. Að auki hafi lokanir

» Meðalverð 1.300 tonna af lambakjöti sem flutt voru út síðustu þrjá mánuði 2016 var 600 krónur á kíló.

Rússlandsmarkaða haft mikil áhrif. „Ljóst er að núverandi ástand getur ekki varað í mörg ár í viðbót án þess að það hafi veruleg neikvæð áhrif,“ segir Sigurður. Of margt fé sé í landinu miðað við núverandi ástand. „Ef

ytri aðstæður lagast ekki fyrir útflutt lambakjöti á næstu árum þarf að fækka fé.“

Síðustu þrjá mánuðina 2016 voru rúm 1.300 tonn af lambakjöti flutt úr landi í sláturtíð haustsins. Meðalverð þessara afurða er 605 krónur kíló. Þetta segir Björn Víkingur vera allt of lágt verð til að standa undir sér lengi.

„Við erum að kaupa skrokkinn inn af bændum á 550 krónur kíló. Þegar sláturkostnaður við dilkinn er reiknaður saman við er augljóst að

við erum að tapa á hverju einasta kíló.“

Þótt meðalverð sé aðeins rúmar 600 krónur á kíló fáið gott verð fyrir ferska hryggvöðva og aðra ferska vöðva í útflutningi. Það sé of lítið hlutfall í stóra samhenginu.

„Við viljum framleiða á erlenda markaði og höfum verið að fá gott verð í gegnum tíðina. Hins vegar er staðan núna önnur og við verðum að skoða hana gaumgæfilega,“ bætir Björn Víkingur við. –sa

Óstöðvandi dóp á Litla-Hrauni

LÖGREGLUMÁL „Það er ekkert mál fyrir þá sem skipuleggja sig vel að koma fíkniefnum hingað inn eins og annars staðar,“ segir Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni. Ómögulegt sé að halda fangelsinu fíkniefnalaus.

„En þegar við finnum efni þá gerum við það alltaf að lögreglumáli,“ segir Halldór Valur. Talsvert minna fannst af amfetamíni, kókaíni og kannabisefnum í fangelsinu á Litla-Hrauni í fyrra en árið á undan. Halldór Valur segir að svo virðist sem nýja lyfið spice sé notað í staðinn.

Halldór segir erfitt að segja til um hve stóran hluta af fíkniefnum sem berast í fangelsið sé lagt hald á. „Ef við finnum mikið af efnum þá er minni neysla eftir á.“ – jhh / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kristín Thoroddsen spyr hvort húsmæðraorlof sé tímaskekkja árið 2017. **14**

SPORT Raket Dögg Bragadóttir hefur átt viðburðaríkt ár. **16**

TÍMAMÓT Sleðahundar og -menn etja kappi á Mývatni í þriðja sinn. **20**

LÍFIÐ Sturla Atlas sendir frá sér smáskífu í næsta mánuði. **30**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI

NUTRILENK GOLD

www.artasan.is

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg


Actavis

ÖSKUDAGUR 2017

HOKUS POKUS

hokuspokus.is

Veður



Norðaustanátt í dag, 10-18 m/s, hvassast verður austan til á landinu og á Vestfjörðum. Léttskýjað sunnan- og vestanlands. **SJÁ SÍÐU 22**



Frá urðun í Álfsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leyfi Sorpu til urðunar felld úr gildi

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál hefur felld úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar, frá í ágúst 2014, um að veita starfsleyfi fyrir Sorpu í Álfsnesi að því er varðar urðun. Urðunarstaðurinn tekur við nær öllu sorpi af höfuðborgarsvæðinu sem á að urða.

Ástæðan fyrir ógildingunni er sú að í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 stendur að stefnt sé að því að hætta að urða rusl í Álfsnesi innan 4-5 ára frá undirritun eigendasmakomulags. Það samkomulag var undirritað 25. október 2013. Starfsleyfi Sorpu til urðunar var hins vegar til ársloka 2020. Taldi nefndin að Umhverfisstofnun væri bundin af áður nefndu eigendasmakomulagi og hefði því ekki getað veitt svo langt starfsleyfi. Því var það felld úr gildi.

„Sorpa er í raun bara þolandi í þessu máli,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. „Við uppfyllum öll skilyrði starfsleyfis og það er ekki við okkur að sakast.“

Að sögn Björns myndu menn fljótt verða varir við það ef það dregst á langinn að Sorpa fái starfsleyfi að nýju þar sem enginn annar á höfuðborgarsvæðinu tekur við úrgangi til förgunar.

„Við höfum nú þegar sótt um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfisráðherra og vonum að það fari í gegn á stuttum tíma,“ segir Björn. – jõe

Moka metinu burt



Íbúar á suðvesturhorninu ráku upp stór augu í gærmorgun enda fönn yfir öllu. Febrúarmet féll, því 51 sentimetrar af jafnföllnum snjó lá yfir öllu. Færð spilltist og lentu margir í kröggum. Næstu daga er von á frosti um allt land með allhvössum vindi sunnanlands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimilislaus læstur í geymslu í sautján daga

GRÆNLAND Heimilislaus maður í Nuuk á Grænlandi var læstur inni í 17 daga í einni af geymslum bæjar-yfirvalda.

Maðurinn sem fannst á þriðjudag í síðustu viku hafði einnig læst inni í sömu geymslu í janúar síðastliðnum. Þá voru það starfsmenn Sjómannaheimilisins sem fundu hann.

Ákveðið var þá að hindra aðgang að geymslunni en maðurinn komst samt inn. Ekki var vitað af honum inni þegar geymslunni var læst. Þegar enginn hafði orðið var við manninn í tvær vikur vaknaði grunur um að ekki væri allt með felldu. Hann var með vatn og mat en var afar máttfarinn þegar hann fannst. – ibs

» Leit að heimilislausum manni hófst tveimur vikum eftir að sást síðast.

Sigrún heldur áfram að leita að upprunanum

Sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir taldi útilokað að hún myndi gera aðra þáttaröð af Leitinni að upprunanum. Nú leitar hún að fólki til að vera með í næstu þáttaröð. Þátturinn hlaut Edduna í gær í flokki fréttu- og viðtalsþátta.

SJÓNVARP Undirbúningur annarrar þáttaraðar af Leitinni að upprunanum er hafinn. Í upphafi ætlaði Sigrún Ósk Kristjánsdóttir ekki að gera aðra þáttaröð en lét tilleiðast. Fyrsta þáttaröðin hlaut í gær Edduverðlaun í flokki fréttu- og viðtalsþátta.

„Á dauða mínum átti ég von en ekki þessu,“ sagði Sigrún Ósk þegar ljóst var að hún hefði unnið til verðlaunanna.

„Eftir að fyrstu þættirnir fóru í loftið fékk ég hátt í hundrað tölvupósta frá fólki sem var áhugasamt um þátttöku ef það yrði gerð önnur þáttaröð. Framan af svaraði ég því til að það væri nánast útilokað að ég myndi gera þetta aftur,“ segir Sigrún Ósk.

Sigrún hafði lengi haft hugmyndina að þáttunum á bak við eyrað áður en hún réðst loks í gerð þeirra. Það gerðist eftir að hún var „töggud“ í pósti á Facebook þar sem kona spurði hvort einhver fjölmiðlamaður hefði ekki áhuga á að ráðast í þetta verkefni.

„Ég mætti með hugmynd að þessum eina þætti á fund og hún var samþykkt með því skilyrði að þetta yrði að þáttaröð. Ég lofði henni eiginlega upp í ermína á mér,“ segir Sigrún og hlær.

Vinnan að baki þáttunum var gífurleg og í raun áttu þeir hug hennar allan í heilt ár. Var það ástæðan fyrir því að hún veigraði sér við í fyrstu að ráðast í gerð nýrrar þáttaraðar. Í þakkaræðu sinni í gær þakkaði Sigrún meðal annars eiginmanni sínum og sonum fyrir að hafa ekki nýtt fjarveru sína „til að skipta sér út fyrir einhverja aðra sem væri meira heima og gerði meira gagn“.



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir ásamt Rósíku, einni af konunum þremur sem fjallað var um í fyrstu þáttaröðinni, á ferð þeirra um Sri Lanka. MYND/EGILL ADALSTEINSSON

Það er staðreynd að ég held að ég hafi ekki tekið þátt í neinu jafn gefandi um ævina.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, sjónvarpskona

„Þetta er svolítið eins og barnsfæðingar. Fyrst um sinn hugsarðu að það sé ekki séns að þú munir gera þetta aftur. Smám saman gleymir maður því og á endanum er ekkert sem þú vilt meir en að gera þetta aftur,“ segir Sigrún Ósk. „Það er staðreynd að ég held að ég hafi ekki tekið þátt í neinu jafn gefandi um ævina.“

Þeir sem hafa áhuga á að vera þátttakendur í Leitinni að upprunanum geta sent tölvupóst á netfangið sigrunosk@stod2.is. johannoli@frettabladid.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



RENAULT
Passion for life

GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR



VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lágsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugum fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður. Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum. Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

Renault Captur
Bensín, beinskiptur
Eyðsla 5,1 l/100 km*
Verð: 2.790.000 kr.

Renault Kadjar 2wd
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
Verð: 3.490.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Mikil við uppgættar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

FH-ingar vilja að bæjaryfirvöld staðfesti slit á samningaviðræðum

HAFNARFJÖRÐUR Viðar Halldórsson, formaður FH, hefur óskað eftir formlegri staðfestingu á að samningar og viðræður um kaup Hafnarfjarðarbæjar á hlut í knattúsunum Dverg og Risa sé lokið. Samningur um kaup bæjarins á 55 prósent hlut í húsunum fyrir 200 milljónir króna var kynntur í lok janúar.

Bæjarráð Hafnarfjarðar fól á fimmtudag Haraldi Haraldssyni bæjarstjóra að halda áfram með málið.

„Varðandi frágang annarra samninga aðila væri gott að hafa hraðann á og ljúka þeim með formlegri undirskrift eða slitum,“ segir í bréfi Viðars til Haraldar.

18

mánaða samningaviðræður hafa ekki skilað niðurstöðu.

Á bæjarráðsfundi voru líka lögð fram bréf Viðars um að bærinn annars vegar aflétti veðsetningu á Kaplakrika sem stendur nú í tæpum 900 milljónum og hins vegar um meðferð gatnagerðargjalda vegna fyrirhugaðrar byggingar Skessunnar, 8.400 fermetra knattúss og sjúkra- og hótélbyggingar.

Fram kemur í bréfi Viðars að FH fær greitt samkvæmt óundirrituðum rekstrar- og þjónustusamningi við bæinn. Viðræður um hann hafa staðið yfir í rúma 18 mánuði. Biður formaðurinn um að annaðhvort verði þeir undirritaðir eða að farið verði eftir samningum sem verið hafi í gildi í vel á annan áratug. – bb



Hindra á að dæmdir glæpamenn fari aftur í sama umhverfið. NORDICPHOTOS/AFP

Glæpamenn fari burt og veri þar

DANMÖRK Danska stjórnin vill að félögum í glæpagengjum verði bannaður aðgangur að sveitarfélögum, þar sem þeir hafa framið afbrot, í allt að 10 ár eftir afplánun fangelsisdóms. Hindra á að þeir snúi aftur til gamalla félaga.

Fulltrúi Einingarlistans segir bannið geta orðið svo umfangsmikið að sá sem hafi framið glæp í Öðinsvæum geti ekki tekið lest frá Jótlandi til Fjóns.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að viðurlög við broti á banninu geti verið allt að eins og hálfis árs fangelsi. – ibs

Telja fundi flýtt vegna formanns

KÓPAVOGUR Minnihluti bæjarráðs Kópavogsbæjar gagnrýnir harðlega breytingu á fundartíma ráðsins. Aðeins sé verið að færa fundartíma fyrir formann bæjarráðs, Theodóru S. Þorsteinsdóttur, sem jafnframt er þingmaður Bjartrar framtíðar.

Samþykkt var að fundir hæfust klukkan hálf átta á fimmtudagsmorgnum. Þann dag eru þingfundir klukkan hálf tíu.

Theodóra segir það af og frá að verið sé að færa fundartíma fyrir hana. Fundartími bæjarráðs hafi áður breyst á kjörtímabilinu. – sa



Theodóra S. Þorsteinsdóttir

Lítið mál að smygla á Hraunið

Fangelsisyfirvöld lögðu hald á minna af amfetamíni, kókaíni og kannabisefnum á Litla-Hrauni í fyrra en 2015. Fangar sækja meira í spice. Forstöðumaðurinn segir ómögulegt að halda fangelsinu fíkniefnalaus.

LÖGREGLUMÁL Talsvert minna fannst af amfetamíni, kókaíni og kannabisefnum í fangelsinu á Litla-Hrauni í fyrra en árið á undan. Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins, segir að svo virðist vera sem nýja lyfið spice sé notað í staðinn. Samkvæmt tölum frá fangelsinu fundust 170 grömm af efninu í fyrra en ekkert árið á undan.

Á móti kemur að árið 2015 fundust 150 grömm af kókaíni, 90 grömm af amfetamíni og 53 grömm af kannabisefnum. Í fyrra fundust hins vegar 26 grömm af kókaíni, 13,6 grömm af amfetamíni og 11,6 grömm af kannabis.

„Það var óvenju mikið magn af kókaíni árið 2015 sem tengist einu máli. Þetta er ekki dæmigerð tala fyrir magn kókaíns sem við erum að finna herna,“ segir Halldór Valur.

Hann bendir á að þyngd efnanna miðist við bráðabirgðamælingu sem gerð er á Litla-Hrauni. „En þegar við finnum efni þá gerum við það alltaf að lögreglumáli og þyngdin er bráðabirgðamæling sem við gerum hjá okkur og stemmir kannski ekki endilega við þær mælingar sem lögreglan gerir. Þetta eru áætlaðar tölur hjá okkur,“ segir hann.

Halldór Valur bendir líka á fíkniefnasendingar sem eru stöðvaðar áður en þær koma inn í fangelsið. „Til dæmis ef lögregla stoppar bíl á Hellisheiði og það finnast í honum efni og svo kemur í ljós að hann var á leiðinni á Litla-Hraun,“ segir hann og bendir á að slíkar upplýsingar séu ekki í tölum Fangelsismálastofnunar. Einnig geta efni fundist á stöðum þar sem von er á fanga, í dómsal eða á læknisstofu eða annars staðar.

Halldór segir erfitt að segja til um hve stóran hluta af fíkniefnum sem berast í fangelsið sé lagt hald á. „Ef við finnum mikið af efninu þá er minni neysla eftir á. En við getum ekki fullyrt það hvort við erum að ná 10, 50 eða 90 prósentum.“

Halldór segir að fangelsið geti aldrei komið fullkomlega í veg fyrir fíkniefnasmygl.



Halldór Valur Pálsson, fangelsisstjóri á Litla-Hrauni, segir alla fíkniefnafundi þar gerða að lögreglumáli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lyf

Í stykkjatali nema Lyrica-duft er í gr.

FLOGAVEIKISLYF

	2015	2016
Lyrica	19	24
Lyrica-duft	39,6	13
Stesolid	51	0
Rivotril	11	153
Gabapentin	24	31
Fenemal Recip	3	3

ÖNNUR LYF

Indometacin	2	20
Omeprazol	7	4,5
Akinaton	16	18
Contalgin	0	2
Ætlaðir sterar í vökva	1	0
Suboxone N8	33,5	58
Ýmis töflubrot	16	54
Óþekktar töflur	150	296

ÖRVANDI LYF

	2015	2016
Ritalin	11	43
Ritalin Uno	109	4
Concerta	0	1

RÓANDI LYF

Alprazolam Mylan	30	0
Sobril	52	0
Miron	2	0
Risolid	2	8

SEFANDI LYF

Quetiapin	32	55
Truxal	18	9
Nozinan	2	0

„Það er ekkert flóknara að koma fíkniefnum hingað inn heldur en milli landa. Menn fá gesti, það koma öll aðföng hingað utan að og það er ekkert mál fyrir þá sem skipu-

leggja sig vel að koma fíkniefnum hingað inn eins og annars staðar. Og við viljum ekki að fíkniefnahrferðir hér bitni á mannréttindum manna,“ segir hann. Fangelsið reyni

Ölögleg lyf

Í gr nema E-töflur í stk.

	2015	2016
Amfetamín	90,8	13,6
Kókaín	150	26
Kannabis	53,2	11,6
E-töflur	0	10
MDMA	0	0,1
LSD	0	1 tilvik
Spice	0	170,8

170,8

grömm af spice voru gerð upptæk á Litla-Hrauni 2016.

hins vegar að takmarka framboðið um leið og reynt er að bjóða föngum lausnir til þess að komast út úr vandanum.

jonhakon@frettabladid.is



RAM
SENDING Á LEIÐinni
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU



**BAKARÍS-
BOLLUR**
ALLAR TEGUNDIR
AÐEINS Í ENGIHJALLA

Iceland er með úrvalið:

- Ger Súkkulaðibolla
- Irish Coffie Bollur
- Vatnsdeigs súkkulaðibollur
- Vatnsdeigsbananabollur
- Daim kaffibollur
- Kókos Rjómobolla
- Berlinarrjómobolla **NYTT!** m/hesilhnetukremi
- Krakkahringir m/karamellu
- Krakkahringir m/súkkulaði

ALLIR SEM VERSLA FYRIR 8.000 KR. EÐA MEIRA
OG BORGNA MEÐ NETGÍRÓ FÁ GJAFAKORT
FRÁ DUNKIN DONUTS

DRAUMAR GETA RÆST.
KIPPA AF HRINGJUM.



DUNKIN'
DONUTS

© 2015 DD IP Holder LLC.

Netgíró
Betri leið til að borgna

DUNKIN'
DONUTS



VATNSDEIGSBOLLUR
FRÁ MYLLUNNI
399 KR
6 STK.



MARS 10PK
SNICKERS 10PK
399 KR
338G/355G



MAGNUM IS
3 TEG.
699 KR
440 ML



ST. DALFOUR SULTUR
ALLAR TEG.
369 KR
284 G



BASKIN ROBBINS
4. TEGUNDIR
499 KR
500ML



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Metsala áfengis í netverslun

NOREGUR Metsala var á áfengi í fyrra í gegnum netverslun áfengisverslunar norska ríkisins. Pantanirnar í fyrra voru 140 þúsund og er það 190 prósentu aukning frá 2010.

Í fyrra voru keyptar 2,2 milljónir lítra af áfengi í gegnum netverslunina. Af þeim voru 77 þúsund lítrar afhentir heim að dyrum en 363 þúsund lítrar voru sóttir á pósthús. Afgangurinn var sóttur í vinnbúðirnar eftir að hafa verið pantaður fyrirfram á netinu.

Aðeins áfengisverslun ríkisins má selja áfengi í gegnum netið í Noregi. Eina undantekningarnar eru nokkrar taxfree-verslanir. – **ibs**

Vildarbörn fá erlenda mynt

SAMFÉLAG Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, afhenti Vildarbörnum Icelandair rúmlega 120 kg af erlendra mynt sem safnast hafði í strætisvögnum.

„Í flestum tilvikum er ekki hægt að nota þessa mynt í neitt hérna heima og þess vegna er mjög ánægjulegt að vita til þess að Vildarbörn geti nýtt þennan pening í þágu langveikra barna,“ segir Jóhannes.

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.

„Þetta kemur svo sannarlega að góðum notum,“ segir Dóra Elin Atladóttir, forstöðumaður Vildarbarna Icelandair, sem veitti myntinni viðtöku. – **bb**

Sprengjum rigndi í Douma



Hjálparstarfsmaður veitir börnum sem særðust í loftárásum á Douma í Sýrlandi um helgina fyrstu hjálpu. Um fimmtíu manns særðust og átta létu lífið. Sýrlenska borgarastríðið hefur staðið í tæp sex ár með tilheyrandi mannfalli og hörmungum. Formlegar friðarviðræður stríðandi fylkinga hófust á föstudag í Genf en það eru fyrstu viðræðurnar í langan tíma. Fyrstu fregnir af fundinum benda til þess að ólíkleg sé að sátt náist í bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Oddi framleiðir lífræna poka er verða að mold

Prentsmiðjan Oddi markaðssetur einnota umbúðir sem brotna niður í náttúrunni á stuttum tíma. Hluti af viðhorfsbreytingu á Íslandi og um heim allan er varðar mengunarvanda vegna plastefna. Sameinuðu þjóðirnar eru á sömu línu.

UMHVERFISMÁL Prentsmiðjan Oddi, sem jafnframt er stór framleiðandi umbúða, mun framvegis bjóða íslenskum neytendum, framleiðendum og söluaðilum upp á umbúðir úr náttúrulegum jurtaefnum sem brotna niður í náttúrunni líkt og annar lífrænn úrgangur.

Þessi viðbót í rekstri fyrirtækisins er sett til höfuðs einnota plastumbúðum sem eru orðnar meiriháttar umhverfisvandamál. Sameinuðu þjóðirnar hófu í gær sérstakt átak gegn plastmengun heimshafanna.

Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Odda, segir það vel þekkta staðreynd að mjög litill hluti af öllu plasti sem fellur til á heimilum landsmanna fari í endurvinnslu.

Hluti af þessum plastúrgangi er einnota umbúðir utan af tilbúnum matvælum og ferskvöru eins og grænmeti, fiski og kjöti. Kannanir sýni á sama tíma að þessar einnota umbúðir enda oftast en ekki í heimilissorpinu og urðun, í stað þess að vera nýtt til endurvinnslu. Vörulínan sem Oddi býður brotnar niður og verður einfaldlega að mold, og á vel heima í moltukassanum.

„PLA-umbúðirnar eru nýjung á Íslandi og geta leyst af hólmi flestar af þeim einnota neytendaumbúðum sem við notum í viku hverri. Þar má t.d. nefna einnota kaffiglös, umbúðir um samlokur, salöt og önnur tilbúin matvæli og ílát fyrir ferska innlenda framleiðslu,“ segir Kristján Geir sem bætir við að hér skipti kolefnissporið miklu máli, en Oddi vill minnka eins og hægt er kolefnisspor framleiðslu og innflutningsvara fyrir-tækisins.



Einnota plastumbúðir liggja úti um allt – á leið sinni í sjóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við sem þjóð verðum að hugsa um þessa hluti.

Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Odda



Hér verður munurinn áþreifanlegur þar sem allt að 60 prósent minni orku þarf til að framleiða einnota jarðgeranlegar PLA-vörur en samþættilgar plastvörur og þær eru því mun jákvæðari gagnvart loftslaginu og markmiðum um lægri kolefnislosun en þær einnota umbúðir sem eru almennt nýttar á Íslandi í dag að sögn Kristjáns Geirs.

Kristján Geir segir það tilfinningu sína að viðhorfsbreyting sé að verða hér á landi hvað varðar plastnotkun og í umhverfismálum almennt.

„Umbúðir er sorp, en við komumst ekki hjá því að nota þær, því þær eru nauðsynlegar til að tryggja ferskleika vörurnar og þær eru sterkt verkfæri til að minnka matarsóun. Því viljum við gera þetta eins vel og við mögulega getum,“ segir hann.

Peningar skipta máli í þessu samhengi, og Kristján Geir segir að vissulega séu umhverfisvænu umbúðirnar dýrari en plastið. Hins vegar finnur Oddi fyrir áhuga á markaðnum, enda séu sífellt fleiri meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð sína þegar kemur að umhverfismálum – og það eigi líka við um fyrirtækin.

„Við sem þjóð verðum að hugsa um þessa hluti,“ segir Kristján Geir. svavar@frettabladid.is

LÍFSGÆÐIN Í LANDINU FRAMLAG ORKU- OG VEITUGEIRANS



**OPINN ÁRSFUNDUR SAMORKU
2. MARS NORDURLJÓSUM, HÖRPU, KL. 15-17**



Helgi Jóhannesson
forstjóri Norðurorku



Þórdís K.R. Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Ásdís Kristjánsdóttir
forstöðumaður efnahagssviðs SA



Stefán Pálsson
sagnfræðingur

ÁVARP FORMANNS

Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku

ÁVARP RÁÐHERRA

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

MIKIÐ VATN HEFUR RUNNIÐ TIL SJÁVAR

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

SVEITAPILTSINS STRAUMUR

Orkan og lífskjaraþýtingin í Íslandssögu 20. aldar
Stefán Pálsson, sagnfræðingur

Skráning á samorka.is



Fundarstjóri:
Páll Erland
framkvæmdastjóri
Samorku

Léttar veitingar í fundarlok





#FIMASTUR

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra aksturseiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir einstaka akstursgleði í Focus og tekur lengri leiðina heim af einskærri ánægju.

BEINSKIPTUR FRÁ:

2.990.000 KR.

44.822 kr.
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 2.990.000 kr.
- Útborgun 299.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,59%

Útborgun í formi uppþökubíls er að sjálfsögðu möguleiki



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ORKA – EINBEITING - JAFNVÆGI



MARINE PHYTOPLANKTON

Sjávarþörungur

Ein næringaríkasta ofurfæða
á jörðinni samkvæmt
David Wolfe heilsusérfræðingi

- Lífrænn fjölvítamingjafi
- Aukin orka, einbeiting og úthald
- Öflug vörn gegn flensu og kvefpestum

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni



BALSAM
www.balsam.is

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver,
Heilsuhornid Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Vitamix

Pro750 galdurinn á
bak við ferskt hráefni

- Nýtt útlit, öflugri og hljóðlátari
- Stiglaus hraðastýring ásamt pulse rofa og 5 prógrömmum
- Uppskriftabók fylgir



Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Ef dýrin mættu velja



gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari



Börn Sævars Ciesielski, Sigurður Sævarsson, Lilja Rún Jensen, Victor Blær Jensen og Hafþór Sævarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Sannleiksnefnd skoði lögreglurannsóknina

Börn Sævars Ciesielski fagna endurupptöku. Prófessor telur mikilvægt að skipa sannleiksnefnd um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála. Nefndin starfi á svipaðan hátt og sannleiksnefnd sem sett var á fót í Suður-Afríku á sínum tíma.

DÓMSMÁL Setja þarf upp sannleiksnefnd líkt og í Suður Afríku til að sannleikurinn um rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum komi fram. Þetta er mat Helga Gunnlaugssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands. Þar gæfist rannsakendum sem enn eru á lífi tækifæri til að deila sannleikanum um rannsókn málsins.

„Það sjá það allir að pottur hafi verið brotinn í rannsókn málsins og miklar líkur á að hinir dómfelldu verði hreinsaðir af ákærum sínum um mannhvörfin,“ segir Helgi.

„Hins vegar verðum við sem samfélag að fá allt upp á borðið og setja upp sannleiksnefnd líkt og í Suður-Afríku. Það þarf að gerast sem fyrst. Til að geta lokið málinu sómasamlega ætti það að vera næsta skref, að rannsaka rannsókn málsins ofan í kjölinn.“

Endurupptökunefnd ákvað á föstudaginn að taka upp hæstaréttardóminn í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum sem snýr að mannhvörfunum. Hafþór Sævarsson, sonur Sævars Ciesielski, er bæði ánægður og svekktur yfir þeirri niðurstöðu.

„Það er auðvitað stórsigur að málin séu tekin upp aftur eftir öll þessi ár. Vonandi mun Hæstiréttur síðan endanlega hreinsa mannorð þessa fólks fyrir fullt og allt,“ segir Hafþór.

„Það er hins vegar leiðinlegt að endurupptökunefndin hafi ekki tekið Erlu með og mér þykir það fráleitt,“ heldur Hafþór áfram.

„Vonandi fellur það af sjálfu sér á endanum. Það sem skiptir mestu er að brotaviljinn var kerfisins allan tímann. Kerfið ákvað síðan að verja sig með öllum ráðum fyrir því að málin yrðu tekin upp að nýju.“

Settur var á laggirnar starfshópur í ráðherraátt Ögmundar Jónassonar um málið. Starfshópnum var falið að fara yfir málið í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem lúta að rannsókninni og framkvæmd hennar á sínum tíma. Ögmundur telur niðurstöður þess hóps, sem skilaði niðurstöðum í mars árið 2013, hafa valdið straumhvörfum í málinu.

„Í niðurstöðum starfshópsins, sem voru afgerandi, segir það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburður dómfelldu hafi verið

Til að geta lokið málinu sómasamlega ætti það að vera næsta skref, að rannsaka rannsókn málsins ofan í kjölinn.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði



óáreiðanlegur,“ segir Ögmundur.

Ráðherrann fyrrverandi bendir á að í niðurstöðum starfshópsins hafi allir sem voru dómfelldir verið nefndir á nafn og framburður þeirra.

„Þess vegna olli það mér vonbrigðum að mál Erlu Bolladóttur hafi verið tekið út. Ég hafði trú á því að mál þeirra allra hefðu öll hangið saman.“ sveinn@frettabladid.is

Stokkar upp í ráðuneyti fyrir ferðamál

FERÐAÞJÓNUSTA „Samtök ferðaþjónustunnar hafa lengi talað fyrir efling vægis ferðaþjónustunnar innan stjórnkerfisins enda miklir hagsmunir undir. Það segir sig sjálf að staðan hefur í raun og veru ekki verið í nokkrum takti við vöxt og mikilvægi greinarinnar fyrir þjóðarbúið,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, greindi frá því í vikunni að innan ráðuneytisins yrði stofnuð sérstök skrifstofa ferðamála og starfsmönnum fjölgað stórlega.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa lengi bent á að í atvinnuvegaráðuneytinu hafi aðeins starfsmenn í einu og hálfu stöðugildi sinnt mállefnum ferðaþjónustunnar sérstaklega hingað til og það á tímum forðamalaustrar fjölgunar ferðamanna.

„Það voru því verulega ánægjuleg tíðindi að ráðherra ætli frá og með

Það segir sig sjálf að staðan hefur í raun og veru ekki verið í nokkrum takti við vöxt og mikilvægi greinarinnar fyrir þjóðarbúið.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



næstu mánaðamótum að setja á laggirnar sérstaka skrifstofu ferðamála innan ráðuneytisins sem er ætlað að sinna ferðaþjónustunni sérstaklega með tilheyrandi fjölgun stöðugilda,“ segir Helga.

Ráðherra segir að markmiðunum verði fyrst og fremst náð með breyttri forgangsröðun í ráðuneytinu sjálfu.

„Frá og með næstu mánaðamótum munu fimm starfsmenn helga

sig ferðamálum, auk þess sem bætt verður við einum til tveimur stöðugildum þegar liður á árið. Með þeirri breyttu forgangsröðun gefst betra tækifæri til að sinna þeim brýnu verkefnum sem blasa við okkur með það að markmiði að ráðuneytið verði leiðandi í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir um hin krefjandi viðfangsefni ferðaþjónustunnar sem varð á skömmum tíma undirstöðuáttvinnugrein á Íslandi. Því fylgja verkefni,“ sagði ráðherra á Alþingi.

Helga segir verkefnið vissulega ærin, en skilvirkt regluverk, uppbygging innviða og skipulag gagnvart greininni séu vafalaust þau verkefni sem sett verða á oddinn.

„Að mínu viti er líka mikilvægt að skrifstofan geti eft skilvirkni þeirra starfa er snúa að fleiri ráðuneytum en einu en eðli greinarinnar kallar á slíkt,“ segir framkvæmdistjóri SAF. –shá

HÖRKUTÓLÁ TILBOÐI HJÁ SINDRA

TILBOÐ

SKRÚFSTYKKI 6"

6" opnun



vnr IBTDJACO106

13.900 m/vsk

Fullt verð 22.006

SEXKANTSETT

1,5 - 10 MM



vnr IBTGAAL0916

1.990 m/vsk

Fullt verð 3.355

SKRÚFJÁRNASETT

Sett með flest öllum bitum



vnr IBTGAAI2101

2.900 m/vsk

Fullt verð 4.210

VERKFÆRATASKA MJÚK

Sterk og rúmgóð taska



vnr IBTBW000028

3.900 m/vsk

Fullt verð 5.094

TILBOÐ

SKRALLYKLASETT

Stærðir 8 - 19mm

Með lið
Plasttaska

vnr IBTGAAI1003

8.900 m/vsk

Fullt verð 12.879



TILBOÐ

HERSLUMÆLIR 1/2"

Hersla: 40-200 Nm

Lengd: 75 mm

Digital

vnr IBTDTA-200N

4.900 m/vsk

Fullt verð 6.600



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm

1/2" 10 - 32 mm

Bitar og fl.

Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

11.900 m/vsk

Fullt verð 16.507



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"

Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"

Lyklar 8 - 22 mm

E toppar, sexkantbitar og fl.

Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

18.900 m/vsk

Fullt verð 27.750



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm

Lyklar, skrúfjárn, tangir

Nippillyklar og fl.

Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

16.900 m/vsk

Fullt verð 26.855



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 55 STK

Toppar 1/2"

Stærðir 10 - 32 mm

Djúpir toppar, bitar og fl.

Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI5502

10.900 m/vsk

Fullt verð 16.870



SÁ VINSÆLI

283 verkfæri

BÚKKAR FYLGJA



158.323 m/vsk

Okkar besta verð



www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Slysasleppingarnar þrjár á innan við ári

Þær upplýsingar að eldissilungur sem veiddist um allt land í fyrra hafi ekki komið úr kví Arctic Sea Farm í Dýrafirði gefa svartari mynd en áður – slysasleppingarnar eru þrjár en ekki tvær á stuttum tíma. Úreldur búnaður er nýttur í regnbogaeldi.

FISKELDI Nú þegar það liggur fyrir að gat á eldiskví fyrirtækisins Arctic Sea Farm í Dýrafirði skýrir ekki mikið magn eldisregnbogasilungs sem slapp úr eldiskvíum í fyrrasumar og -haust, er ljóst að slysasleppingar regnbogasilungs á nokkurra mánaða tímabili eru að öllum líkindum þrjár – en ekki tvær eins áður var talið. Þetta mál er víða litið alvarlegum augum og spurt er af hverju fyrirtækjunum sem ala regnbogasilung er leyft að nýta úreldan búnað.

Regnbogasilungur úr sjókvíaeldi gekk í veiðiár í öllum landsfjórðungum í fyrra. Eftirlitsmaður Fiskistofu staðfesti í september að regnbogasilungur var að finna um alla Vestfirði. Næstu daga og vikur bárust fregnir af þessum eldisfiski úr öllum landsfjórðungum – veiddum í rúmlega 30 ám. Þó það sé lögboðin skylda rekstraraðila að tilkynna um slysasleppingu úr sjókvíaeldi, hefur enn engin skýring á slysasleppingunni á Vestfjörðum borist þar sem tvö fyrirtæki ala regnbogasilung í Öndarfirði, í Dýrafirði, Tálknafirði og Ísafjardardjúpi. Í júní fékk Fiskistofa hins vegar staðfestingu á því frá Fiskeldi Austfjarða að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins í Berufirði.

Fyrirtækið Arctic Sea Farm tilkynnti eftirlitsaðilum um gat á sjókví fyrir skemmstu. Tekið var fram að ekki væri ljóst hversu mikið af regnbogasilungi hefði sloppið en að öllu eðlilegu hefði í kringum 200 tonn af sláturfiski átt að vera í kvínni. Það verður ekki fyrr en að lokinni slátrun sem í ljós kemur hversu mikið slapp.

Framkvæmdastjóri Arctic Sea Farm sagði við Fréttablaðið að málið væri bagalegt, en jafnframt að kvínni sem um ræðir sé úrelt samkvæmt nýjum reglum um fiskeldi í sjó. Hann sagði að þessar eldri kvíar yrðu ekki notaðar framvegis eftir að slátrun



Þjarni Benediktsson kastar fyrir lax í Norðurá. Stjórnvöld leyfa eldi á regnbogasilungi í gömlum sjókvíum sem standast ekki nýjar reglur um búnað. FRÉTTABLAÐID/DANIEL

» Miðað við stærð þess fiskjar sem slapp í fyrrasumar má ætla að slátrun á þeim árgangi hefjist sennilega ekki fyrr en eftir ár héðan í frá og má því segja að þeirri slátrun ljúki síðla árs 2018. Þangað til verður ekkert upplýst um slysasleppinguna.

lýkur úr þeim, en taldi jafnframt að menn hefðu talið óhætt að biða með endurnýjun þangað til slátrað hefði verið úr þeim – en tvö ár eru liðin síðan seiði voru sett út.

Matvælastofnun segir í tilkynningu að rannsókn á mögulegum sleppingum regnbogasilungs síðasta

Gamall búnaður nýttur í regnbogaeldi

- Miðað við stöðu þekkingar er afar erfitt að rekja hvaðan regnbogasilungur, sem slappur úr sjókvíum hér við land, kemur.
- Allur regnbogi sem hér er alinn kemur frá sama seiðaeldisfyrirtækinu í Danmörku – og því allur að upplagi skyldur.
- Ekki hefur farið fram vinna við að greina erfðafræði þeirra né að finna þann mun sem getur verið á milli stöðva eða ára.
- Ekki eru heldur gerðar kröfur um merkingar.
- Eldri og úreltur sjókvíabúnaður er notaður í regnbogaeldi.
- Laga- og reglugerðarbreytingar voru gerðar vorið 2014 um nýjar kvíar.
- Öll ný leyfi þurfa að uppfylla nýja staðalinn um styrkleika og útbúnað kvíanna.

sumar sé enn í gangi. „Fylgst verður með fjölda slátraðra regnbogasilunga úr þeim kvíum á Vestfjörðum sem ala fisk sambærilegan þeim sem Fiskistofa veiddi í eftirlitsferð sinni og mun framhald rannsóknarinnar byggja á þeim upplýsingum.“

Þetta þýðir að langt er þar til upp-

lýsingar um slysasleppinguna munu liggja fyrir. Miðað við stærð þess fiskjar sem slapp í fyrrasumar má ætla að slátrun á þeim árgangi hefjist sennilega ekki fyrr en eftir ár héðan í frá og má því segja að þeirri slátrun ljúki síðla árs 2018. Þangað til verður ekkert upplýst um slysasleppinguna.

Fréttablaðið hefur spurst fyrir innan stjórnkerfisins um af hverju það sé látið viðgangast að eldisregnbogi sé alinn í kvíum sem eru í raun úreldar samkvæmt nýjustu reglum. Svörin, þó menn kjósi að tjá sig ekki undir nafni, eru að rökréttast væri, miðað við sögu liðinna mánaða, að gera eldismönnum að skipta þessum eldri búnaði út, og það ekki seinna en strax.

Eldismenn benda reyndar á að lög skuli ekki virka afturvirk og þess vegna sé yfirvöldum ekki stætt á að fyrirskipa slíkt, þeir eigi að fá að slátra upp það sem komið var í kvíarnar áður en strangar reglur voru innleiddar.

Á móti er bent á að náttúran skuli njóta vafans enda muni sá búnaður sem fjárfest yrði í núna verða nýttur lengi áfram. Kostnaðurinn muni falla til, en þá aðeins litlu fyrr en annars. svavar@frettabladid.is

Áralöng deila um útleigu geymslu við Hringbraut

SKIPULAGSMÁL Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál hefur fellt úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík þess efnis að ekki verði lagðar dagsektir á fasteignareiganda að Hringbraut 73. Hann hefur leigt út geymslurými í kjallara sem herbergi.

Deilan hefur staðið yfir í um áratug. Í húsinu, sem er tveggja hæða, eru fjórar íbúðir og eiga tveir aðilar tvær íbúðir hvor um sig. Fólkið á neðri hæðinni hefur leigt út hluta geymslurýmismisins en það er sameign. Eigendur efri hæðarinnar segja mikið ónæði stafa af þessu og vilja að útleigan hætti.

Álits áfrýjunarnefndar húsamála var leitað og skilaði hún því árið 2013. Taldi hún útleiguna heimila að fengnu leyfi byggingarfulltrúa. Það leyfi hefur hins vegar ekki fengist.

Eigendur efri hæðarinnar höfðu úð dómsmál árið 2014 og kröfðust þess að viðurkennt yrði að óheimilt væri að leigja geymsluna út að viðlögðum dagsektum. Því máli var



Erjur nágrannanna eiga sér langa sögu. FRÉTTABLAÐID/GVA

vísad frá þar sem ákvörðun byggingarfulltrúa lá ekki fyrir.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar kemur fram að byggingarfulltrúi Reykjavíkur telur notkun kjallarárýmismisins ólöglega. Í sameign hans og lögmanna eigenda efri hæðarinnar kemur hins vegar fram að embættið telji sig ekki fært um að fullyrða hver raunveruleg notkun þess sé. Af þeim sökum synjaði það áður álagningu dagsektu.

Nefndin taldi að embættið gæti rannsakað málið betur og felldi því hina kærðu ákvörðun úr gildi. – jõe

Svara meiri umferðarþunga með hroka

SAMGÖNGUR „Þetta svar kom mér á óvart og það óþægilega. Mér finnst það lýsa hroka meirihlutans gagnvart upplýsingabeidni okkar í minnihlutunum,“ segir Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins en flokkurinn fékk svar í umhverfis- og skipulagsráði á miðvikudag um hvernig takast eigi á við vaxandi umferðarþunga.

Svarið frá meirihlutunum var eitt A4 blað þar sem reifaðar voru allar áætlanir sem unnið er eftir. Fyrirspurnin var lögð fram í desember.

Áætlanirnar eru svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Samgöngu-áætlun og aðalskipulag Reykjavíkur. Til viðbótar eru samningar sem borgin er aðili að eins og samkomulag um næstu skref Borgarlinunnar. Einnig við Vegagerðina um þróun stofnvegakerfisins, þróun stofnleiða hjóltreida, þróun almenningssamgangna og sjálfbæra samgönguáætlun og þá er í gildi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna.

Þetta fannst Sjálfstæðisflokknum heldur þunnt og bókaði þakkar til



Sérstaklega var spurt um hvað ætti að gera varðandi umferð einkabíla.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Mér finnst það lýsa hroka meirihlutans gagnvart upplýsingabeidni okkar í minnihlutunum.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn



meirihlutans fyrir þetta A4 blað. „Þó verður að segjast að svar meirihlutans svarar engu efnislega um það sem spurt er um. Spurningin er um hvernig meirihlutinn hyggst takast á við vandamál sem er vaxandi í umferðarmálum borgarinnar. Bent er á samkomulag við önnur sveitarfélög, Vegagerð o.s.frv. Ábyrgðinni er vísað annað eins og í fleiri málum hjá meirihlutunum í borgarstjórn,“ segir í bókun Sjálfstæðisflokksins. – bb

Allt fyrir fermingarveisluna

Þann 28. febrúar frá kl.17:00-19:00

býðst þér að koma og smakka þá vöru sem Stórkaup hefur uppá að bjóða fyrir fermingarveisluna. Einnig verða á staðnum aðilar sem veita ráðgjöf um bestu veitingarnar fyrir veisluna þína.



Butterfly rækjur
58-66 stk. í pakka, 1kg
2.999kr/pk



Kjúklingspjót, Satay
50 stk. í pakka, 1,5kg
5.299kr/pk



Piccolinis smápizzur
3 teg. 40stk. í pakka.
1.999kr/pk



Nautalund
Innfluttur, frosnar.
3.999kr/kg



Makkarónur,
6 teg í pakka, 72 stk
5.999kr/stk



Mackintosh's
2,0kg, takmarkað magn.
2.699kr/stk



Mini brownies
96 í pakka.
2.699kr/stk



TILBOÐ
Mini hamborgarar, 120 stk,
með brauði, sósu og osti
15.000kr/pk



Eitt landsins mesta úrval af DUNI dúkum og servíettum.

STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN

Faxafen 8 - Sími 567 9585 - www.storkaup.is - storkaup@storkaup.is

Í skóla eða skammmarkrök



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Skóli er svo sannarlega annað og meira en hús. Það er miðstöð þekkingar og fræðslu, þroska, vaxtar og svo ótal fleiri þátta sem eru nauðsynlegir til þess að vel takist til við menntum einstaklinga. Engu að síður er hús alla jafna nauðsynlegt til þess að starfsemi skóla geti farið fram með eðlilegum hætti. Hús sem hæfir viðeigandi skólafarir og gerir þeim sem þar starfa, nemendum, kennurum og öðru starfsfólki, kleift að sinna sínum daglegu störfum.

Listaháskóli Íslands við Sölvhólgötu er langt frá því að vera í sliku húsnæði. Húsnæði eins og þar er boðið upp á til daglegrar starfsemi getur verið afar heilsuspillandi og er að auki hvergi nærri viðunandi fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram frá degi til dags. Vissulega hefur þetta komið fram í fréttum á undanföllum vikum en það eru því miður ekki nýjar fréttir. Það er nánast endurtekið efni og má í því samhengi vísa til fréttatitlinga á Vísir frá því í nóvember árið 2012. Að auki hefur þeim sem fylgjast með starfsemi skólans, og þar áður starfsemi Leiklistarskóla Íslands sem var lengi starfræktur í húsinu, verið ljóst að húsnæði hefur í raun aldrei verið viðunandi. Auk alls þessa er aðgengi fyrir fatlaða í húsinu, sem og í öðrum húsakosti skólans, verulega ábótavant þannig að skólinn brýtur í raun lög á hverjum degi eins og Friða Björk Ingvarsdóttir rektor benti á fyrir skömmu.

Þrátt fyrir allt þetta er vandfundið það nám á vegum ríkisins þar sem seilst er jafn djúpt í vasa nemenda. En hver önn í köldu, mygluðu og óaðgengilega húsinu við Sölvhólgötu kostar víst um 250.000 kr. sem gerir hálf milljón fyrir veturinn. Það er því ekki að furða að baráttan fyrir bættum húsakosti virðist eiga rætur að rekja til nemendanna sjálfra. Við slíkar aðstæður er kannski ekki úr vegi fyrir nemendur skólans, við Sölvhólgötu að minnsta kosti, að láta kanna hvort þeir eigi ekki rétt á endurgreiðslu frá skólanum. Það er nánast útilokað að þessi skammmarkrök sé það sem nemendum er ætlað að borga fyrir.

Ábyrgðin er auðvitað alltaf stjórnvalda og viðkomandi mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni. En ráðherrar hafa komið og farið á þeim árum sem þetta húsnæði hefur ekki verið í lagi þannig að auðvitað bera skólafólk líka sína ábyrgð. Ábyrgð á því að vera með nemendur og kennara í þessu húsnæði við þessar aðstæður ár eftir ár og því hlýtur að teljast hæpið að auka við starfsemi skólans á sama tíma og þetta er í boði.

Það er auðvitað gleðiefni að Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, hafi lýst því yfir að hann hafi fullan hug á því að koma skikki á húsnæðismál Listaháskólans. En Kristján Þór er þó ekki fyrsti ráðherrann sem hefur haft hug á sliku og því þarf nú að fara að koma meira til en gott hugarfar og fagar fyrirretlanir.



Þrátt fyrir allt þetta er vandfundið það nám á vegum ríkisins þar sem seilst er jafn djúpt í vasa nemenda.

Halldór



Frá degi til dags

Ástir samlyndra hjóna? Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, og Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, voru gestir Heimis Más Péturssonar í Viglinunni á Stöð 2 á laugardag. Mikið er í húfi á vinnu-markaði og um eitt hundrad samningar undir í samtali þessara manna. Oft hefur andað köldu á milli forseta ASÍ og aðila vinnuarkáðarins. Hins vegar, í stað þess að mætast sem mótherjar í þættinum, litu þeir frekar út eins og þeir stefndu í sömu átt. Einhvers konar ást á rauðu ljósi. Er það viss merki þess að samningarnir haldi í ár í senn.

Umhyggja eða forræðishyggja? Áfengisfrumvarp Teits Björns Einarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, var mikið rætt á þingi í síðustu viku. Bar þar helst til tíðinda að Páll Magnússon, samflokksmaður Teits, lýsti sig andsnúinn frumvarpinu. Þegar meirihlutinn er aðeins einn maður er hver þingmaður með neitunarvaldið í sínum höndum. Þeir sem mæla gegn frumvarpinu tala um umhyggju fyrir fólki. Það er frábært orð yfir forræðishyggju. Ætli það verði þannig að umræðan um bjór í Bónus haldi áfram í fjögur ár til viðbótar? sveinn@frettabladid.is

Sporin hræða



Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu, félagsfangar á Íslandi

Börn voru svipt frelsi sínu og þau voru pyntuð á Kópavogshæli. Eftirlitsaðilar vanræktu að grípa til kerfisbundinna og skipulagðra ráðstafana eða annarra viðbragða til að bregðast við viðvarandi gagnrýni og ábendingum sem fram komu í úttektum, áætlunum og með margvíslegum öðrum hætti. Vistheimilanefnd ályktaði að heilbrigðisráðuneytið, barnaverndarráð Íslands, stjórnarnefnd Ríkisspítala, stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og landlæknir hefðu vanrækt eftirlitsskyldur sínar. Stutt er síðan því var fagnað að tíu ár voru liðin frá því að viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT) tók gildi. Síðan hafa nær öll Evrópuríki fullgilt samninginn. Ekki Ísland.

Þann 19. desember 2015 samþykktu 52 þingmenn þingsályktunartillögu þess efnis að ríkisstjórninni yrði gert að fullgilda valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um bann við pyntingum. Í bókuninni er kveðið á um eftirlit sjálfstæðra aðila, innlendra og alþjóðlegra, sem falið er að heimsækja reglulega stofnanir sem vista frelsisvipta einstaklinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir pyntingar eða að önnur grimmileg eða vanvirðandi meðferð viðgangist.

Flest þeirra ríkja sem við berum okkur saman við hafa nú þegar fullgilt bókunina, þar á meðal öll Norðurlöndin. Þann 19. febrúar síðastliðinn voru 14 mánuðir liðin frá því þingsályktunartillagan var samþykkt einróma.

Íslenskur afbrotafreðingur starfar nú hjá umboðsmanni norska þingsins við að framfylgja samningnum í Noregi. Allir staðir sem vista frelsisvipta eru undir; þar sem börn eru vistuð, aldraðir með minnisglöpp og einstaklingar með bráðageðsjúkdóma. Það væri því í löfa lagið að nýta þá þekkingu sem er til staðar við að koma á sliku eftirliti.

Að svipta einstakling frelsi sínu er mesta inngríp í líf hvers manns. Því fylgir ábyrgð. Þess vegna hafa þjóðir heims komist að sameiginlegu regluverki til að fylgjast með hvernig því er framfylgt. Regluverkið er til staðar, sem og þekkingin. Það er eingöngu vilji íslenskra stjórnvalda til að fullgilda og innleiða OPCAT sem virðist skorta.

Hvert er þitt markmið?

Mamma Veit Best **PURE SYNERGY**
Lífraen hágæða bætiefni & vítamín



MAMMA VEIT BEST.IS - LAUFBREKKA 30 & NJÁLSGATA 1

Þarf ekki pungapróf

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson



Er það ekki almennt vitað að konur hafa upp til hópa til að bera meiri styrk en karlar þegar kemur að því að þola líkamlegt harðræði og sársauka?

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, sem er í forsvari fyrir samtök Sjávarútvegsfyrirtækja, hefur vakið athygli fyrir vasklega framgöngu í þágu umbjóðenda sinna og þótti standa sig vel í nýlegu verkfalli sjómanna.

Hún var í viðtali við helgarútgáfu Fréttablaðsins og sagði þar margt skynsamlegt um jafnréttismál, þörfina á auknum hlut kvenna í forystu atvinnulífsins, jöfn laun fyrir sömu vinnu og þar fram eftir götunum.

Heiðrún talaði líka um þörfina á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu til þess að bæta kjör kvenna sem þar starfa. Segja má að hún vilji nýta aukna stéttaskiptingu til að hækka laun kvennastéttanna fremur en að nýta sameiginlega sjóði til þess. Samkvæmt þessum hugsjónum verða til sérstakar heilbrigðisstofnanir handa því fólki sem orðið er auðkýfingur vegna kvótakerfisins í sjávarútvegi og geymir auð sinn í skattaskjólum,

meðan almennir spítalar, handa almenningi, verða látnir grotna áfram niður, því ekki viljum við fara að borga meiri skatta, er það?

Líffærafræði atvinnulífsins

Heiðrún talar um að konur séu ekki nógu duglegar við að krefjast þeirra launa sem þeim ber – sem eflaust er rétt – og segir í því sambandi að konur vanti „dálitinn pung“.

Ég hjó eftir þessu. Kannski er óþarfi að gera of mikið veður út af svona tali – og ekki vil ég gera lítið úr þörfinni á því að konur og karlar hljóti sanngjörn laun fyrir vinnu

sína. Ég er bara ekki sammála því að konur þurfi á pung að halda. Ég er reyndar ekki heldur sammála því að fólk í forstjórastöðum eigi að hafa svona miklu hærri laun en annað fólk – og gildir þá einu hvers kyns forstjórinn er.

Maður heyrir stundum talað um punginn – að maður þurfi pung í hitt og þetta – ekki síst í tengslum við karlaíþróttir, þar sem pungurinn verður nokkurs konar ímynd hreysti, harðdrægni, þolgæðis, þróttar og sóknirfisku – eitthvað svoléiðis. Maður svona lætur sér detta í hug að þetta sé komið úr amerísku bíótali, þar sem oft heyrist talað um „balls“ í svipuðu samhengi. Og er þá ekki fjarri því að yfirgangur og frekja séu gerð að karlmannlegum dyggðum, sem er fráleitt.

Síst vil ég ég lasta punginn. Hann er dásamlegur – hann er dýr-mætur – hann er beinlínis djásn, þessi lafandi húðpoki sem geymir framlag karlmannsins til lífsins og viðhalds þess. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu kær pungurinn er hverjum karli.

Hitt er aftur á móti undrunarefni – og til marks um það hversu mikla vitleysu við karlar getum étið upp hver eftir öðrum umhugsunarlaust í okkar kynlega hópefli – hvernig pungurinn af öllum líffærum fór eiginlega að því að verða ímynd hörku og hreysti. Á gjörvöllum

mannlíkamanum – karla jafnt sem kvenna – er ekki til staður sem er berskjaldaðri og viðkvæmari fyrir hnjaski. Ekkert er aumingjalegra en pungurinn. Hann þolir varla minnsta högg – varla selbita – og maður liggur óvígur og gólandi af sársauka. Pungspark er það versta sem karlmann getur hent, slíkur er sársaukinn sem af því getur hlotist.

Svo sannarlega eru eistun full af spríklandi og kátum sæðisfrumum sem iða í skinninu eftir því að láta ærlega til sín taka og keppast við að ná að frjóvga egg þegar stóra stundin rennur upp en það eitt og sér getur naumast talist nægilegt tilefni til að gera punginn að svo stálslegnu tákni hörku og atgervis. Frekar glaðvæðar, fyrirhyggju-leysis, lífsþorsta...

Á forsendum karla

Er það ekki almennt vitað að konur hafa upp til hópa til að bera meiri styrk en karlar þegar kemur að því að þola líkamlegt harðræði og sársauka? Karlar þola vist áfengi betur, því að lifrin í konum er lengur af brjóta niður alkóhól vegna annarra starfa, og karlar hafa líka yfirleitt stærri vöðva og breiðara bak og eiga því auðveldara með að lyfta þungum hlutum.

Sem er mjög skemmtilegt og full ástæða til að gleðjast yfir því. Og öll höfum við eitthvað okkur

til ágætis nokkuð. Þetta pungtal er svo sem ekki stórvægilegt en það sýnir samt vissan þanka-gang; að konur eigi að taka þátt í samfélaginu og sækja réttindi sín á forsendum karla fremur en sínum eigin – eða öllu heldur þeim tilbúnu karlaforsendum sem svo mörgum bræðra okkar hafa reynst áþján því að okkur gengur mjög misjafnlega að lifa okkur inn í og starfa samkvæmt þeim stífu og hamlandi kröfum sem hefðbundin karlmennsku-ímynd gerir til okkar.

En það er alveg óþarfi að líta til karla um fyrirmyndir þegar kemur að hörku og kappsemi. Konur hafa til dæmis leg – og skyldi vera til öflugra tákna um styrk og gefandi vald en það? Við þekkjum sögur íslenskra kvenna sem gengu í öll störf úti og inni meðan karlarnir voru að heiman. Við þekkjum sterkar konur úr okkar ættum sem stjórnuðu ekki bara heimilum heldur heilu ættunum. Við þekkjum sögur af sjósókn kvenna sem var óvenju mikil hér á landi á fyrri öldum, þegar konur réru í alls konar vörum, jafnvel þungadar og komnar að barnsburði. Við eigum hér á landi hefð fyrir sterkum og sjálfstæðum konum og í þessum skrifuðum orðum heyrir ég fyrir mér kuldahlaturinn í formæðrunum þegar þær heyrja þá frétt að þær vanti pung.

Svart laxeldi




Bubbi Morthens tónlistarmaður

af þessu. Það eru afföll í þaueldi vegna mikilla þrengsla eða sjúkdóma. Annars á ekkert við að tala um eðlileg afföll í dýraeldi.“

Þá er þetta byrjað. Fiskar sleppa úr eldiskvíum um gat á botni silungaeldiskvía í Dýrafirði. Og þegar spurt er hversu mikið slapp þá er svarið: Við vitum það ekki. Það virðist hafa gerst líka í fyrra að regnbogasilungur hafi sloppið en enginn vill kannast við það úr eldisiðnaðinum. Það kom í ljós síðastliðið sumar þegar menn fóru að moka veida regnbogasilungur við hafnarbakkann. Stangveiðimenn í ám fyrir vestan fóru líka að fá regnbogasilung á fluguna. Þetta mun líka gerast í laxeldinu, þar gera menn einfaldlega ráð fyrir því í öllum útreikningum að lax sleppi.

Eldi á ófrjóum laxi er ekki á frumstigi eins og sumir vilja halda fram, það hefur þegar verið stundað í Noregi og þar eru menn að tala um að það sé það sem koma skal. Ég held að ef einhver



Laxeldi á Íslandi, sem og silungselldi, er stjórnlaus iðnaður. Þar ríkir villta vestursstemning. Þar eru menn sem ætla sér að græða á sofandahætti stjórnvalda, koma hingað til lands og kaupa hvern fjördönn eftir annan með það eitt markmið að græða á því að eyðileggja íslenska náttúru.

sem vill græða og hefur það eitt að leiðarljósi spyrði Bændasamtökin hvort þau væru ekki til í að hjálpa honum að flytja inn sauðfé frá Nýja-Sjálandi, nautgripi frá Texas og hross frá Arabíu og hafa þetta allt í girðingu á hálendinu gegn lofordi um að ekkert þessara dýra myndi blandast við íslenska kynið, þá fengi sá bara eitt svar: ALDREI.

Allt eftirlit í skötulíki

Íslenskur lax hefur þróast í árþúsundir. Hann var hér löngu áður en fyrstu mennirnir námu land. Eldismenn vita af fenginni reynslu í Noregi, því þaðan koma þeir flestir sem eiga eldið á Íslandi, að þetta gullgrafaraævintýri þeirra mun eyðileggja íslenska laxastofninn alveg eins og hefur gerst í heimalandi þeirra. Hér er allt eftirlit í skötulíki sem sýnir sig best þegar þeir sem eiga að fylgjast með sínum eigin kvíum vita ekki að það er búid að vera gat á botninum á kvínni í langan tíma. Mat-

vælastofnun sem á að hafa eftirlit með eldinu er ekki að standa sig. Í raun er það fyrirtæki búid að sýna að þar á bæ virðast menn telja það vera sitt helsta hlutverk að stimpla sig inn og út og forðast allt vesen, eins og kom fram í Brúneggjamálinu. Matvælastofnun verður að taka sig taki og taka á þessum málum. Laxeldi á Íslandi, sem og silungselldi, er stjórnlaus iðnaður. Þar ríkir villta vestursstemning. Þar eru menn sem ætla sér að græða á sofandahætti stjórnvalda, koma hingað til lands og kaupa hvern fjördönn eftir annan með það eitt markmið að græða á því að eyðileggja íslenska náttúru. Síðan geta menn ihugað hvers vegna Alþjóðaheilbrigðisstofnun Evrópu varar fólk við að eta of mikið af eldislaxi. Það er af því að hann er of mengaður, fullur af sýklalyfjum, þungmálmum og litarefnum og sérstaklega varasamur fyrir börn og ófrískar konur. Haft beint eftir þeim háu herrum.



- Lífið heil

Fyrir þig í Lyfju

Otrivin

Andaðu með nefinu

- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

15% afsláttur*



*Afsláttur af öllum Otrivin tegundum. Gildir út febrúar 2017.

Otrivin/Otrivin Junior/Otrivin Comp/Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur Xylometazólinhýdróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgjiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Premier League



Mánudagur 27. febrúar



Leicester

19:50



Liverpool



22:00

Uppgjör helgarinnar með Gumma Ben og félögum.

#Messan

KAUPTU STAKAN LEIK: Síminn 365

SPORT



LSH, Klíníkin og samkeppni



Benedikt Ó. Sveinsson
læknir

Um og eftir síðustu aldamót stóðu stjórnmalamenn fyrir umfangsmiklum breytingum á heilbrigðiskerfinu. Stóru spítalarnir á höfuðborgarsvæðinu voru sameinaðir undir einn hatt og dregið verulega úr starfsemi kragasjúkrahúsanna og einu þeirra var lokað að fullu, St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði. Með þessu átti að ná fram mikilli hagræðingu í rekstri Landspítalans og bæta þjónustu og aðgengi allra landsmanna til muna. Þessi stofnun fékk það undarlega heiti Landspítali-háskólasjúkrahús, skammstafað LSH. Ekki dugði minna til en að kalla stofnunina bæði spítala og sjúkrahús, eins og til að leggja áherslu á að stofnunin væri Fjallið eina innan íslensks heilbrigðiskerfis.

Fjallið eina

Það átti að blása til sóknar í heilbrigðismálum og reisa nýjan spítala austur af Háskólanum. En stjórnmalafólk sveik gefin loford. Lítið sem ekkert aukafjármagn fylgdi sameiningarferlinu. Frá fyrsta degi hafa forráðamenn LSH verið með sífelldan barlóm í fjölmiðlum vegna fjárskorts. Ekkert bólar á nýjum spítala og enn er þrasað um staðarval. Það hefur verið óhöflegt álag á starfsfólki LSH um árabíl. Hlutar þjónustunnar hafa dregist saman og biðlistar lengst með mikilli þjáningu fyrir þá veiku. Þrátt fyrir aköll býr LSH enn við þau furðukjör að vera skömmtuð eingreiðsla við hver fjárlög, sem á að duga fyrir öllum útgjöldum á hverju sem gengur. Skiptir þá engu þótt bætt sé við dýrum nýjungum í læknisfræði eða þúsundum erlendra ferðamanna sé sinnt til hliðar við.

Á sama tíma og rekstur LSH hefur gengið eins og raun ber vitni, hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) gert

æ viðtækari samninga við einkarekna sjúkrastöðvar á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa bætt úr brýnustu þörfinni. Má þar nefna hagkvæm og þjónustumiðuð fyrirtæki með aðsetur í Domus Medica, Orkuhúsinu, Læknasetrinu í Mjódd og Læknastöðinni Glæsibæ, að ótalinni allri þeirri frábæru þjónustu sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar í öllum sérgreinum hafa sinnt af metnaði og trúmennsku. Án allrar þessarar einkareknu þjónustu væri heilbrigðiskerfið okkar rústir einar.

Að fleyta rjómann

En áður en lengra er haldið er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir að munurinn á ofangreindum einkarekstri og starfsemi LSH er sá að SÍ greiðir einkarekstrinum fyrir hverja melda vinnueiningu meðan LSH verður að búa við fasta eingreiðslu. Ekki nóg með það. Í einkarekstrinum, einkum þegar um aðgerðir er að ræða, koma upp ýmis alvarleg vandamál, sem ekki verður ráðið við nema á sérhæfðum spítala á borð við LSH. Þar stendur hnifurinn í kúnni. LSH fær ekkert aukafjármagn með þeim alvarlega veiku sjúklingum sem berast frá einkareknu stöðvunum. Einkareknu stöðvarnar geta hins vegar fleytt rjómann, reiknað sér hagnað og greitt arð, sem nemur háum fjárhæðum. Þarna er á ferðinni alvarlegt misræmi, sem verður að lagfæra LSH í vil með samræmdu kostnaðargreiningakerfi.

Meðan ekkert hefur gerst í nýbyggingu LSH hafa einkaaðilar byggt upp vel búnað skurðstofur og leguáðstöðu í Ármúlanum sem ber nafnið Klíníkin. Þar eru í fararbroddi dugmiklir læknar og hugsjónamenn, sem eru reiðubúnir að taka að sér umfangsmiklar aðgerðir í brjóstá-, bæklunar-, lýta- og almennum skurðlækningum á grundvelli samnings við SÍ. Þannig mætti stytta verulega biðlista og draga úr þjáningum þeirra sem í óvissu bíða mánuðum og árum saman. En líta þarf á málið í heild.

Ekki eðlileg samkeppni

Forstjóri LSH hefur lýst því yfir opinberlega að gangi SÍ til samninga við Klíníkina verði það veruleg ógn



LSH fær ekkert aukafjármagn með þeim alvarlega veiku sjúklingum sem berast frá einkareknu stöðvunum.

við LSH. Á sama tíma hafa íslensk stjórnvöld heimilað SÍ að greiða fyrir aðgerðir þeirra sjúklinga erlendis sem lengst hafa verið á biðlistum hér heima. En í allri þessari umfjöllun um hagræðingu og kostnað vill þó oft gleymast, það sem vegur þyngst í mínum huga. Það er skortur á eðlilegri samkeppni sem er trúlega hættulegasti vágsturinn í öllum lækningum. Slík samkeppni var til staðar áður en ríkisreknu stofnarnar voru sameinaðar undir hatt LSH. Samkeppni á nefnilega ekki bara við um einkarekstur, heldur um hverskonar kerfi þar sem aðilar sitja við sama borð. Sú er ekki raunin nú, vegna þess hvernig fjármagn er skammtað annars vegar með einni fastri greiðslu og hins vegar greiðslu fyrir hvert unnið verk, óháð því hver endanlegur kostnaður vegna komplikasjóna getur orðið vegna þess verks.

Mikið hefur verið rætt og skrifað að undanförunum um að að baki Klíníkinni standi fjármálaöfl, sem hafi það eitt að markmiði að græða peninga og leysa til sín arð í ómældu magni. Í samningum SÍ við Klíníkina má að sjálfsögðu girða fyrir þann möguleika á sama hátt og gert var við nýstofnaðar einkarekna heilsugæslustöðvar, þ.e. að banna eða takmarka arðgreiðslur af rekstri sem að stærstum hluta er greiddur af almannafé. En það sem er enn mikilvægara að tryggja, gangi SÍ til samninga við Klíníkina á þann veg að greitt verði fyrir hvert verk, er að ganga þannig frá hnúttum við LSH að sama greiðslufyrirkomulag gildi þar. Setja þarf stóraukið fé í uppbyggingu nýs spítala LSH og gera stefnumörkun um framtíð heilbrigðis- og sjúkrahúsmála. Þá fyrst er komin á eðlileg samkeppni innan heilbrigðiskerfisins þar sem setið er við sama borð.

Er orlof húsmæðra tímasketkja árið 2017?



Kristín Thoroddsen
varabæjarfulltrúi
í Hafnarfirði



Horfa verður til þess að á þeim 56 árum sem lögin hafa verið í gildi hefur margt breyst í þjóðfélaginu, mun fleiri konur vinna nú utan heimilis og eiga því rétt á orlofi og ef horft er til nútíma-vidhorfa þá samræmist þetta engan veginn gildum okkar þjóðfélags í dag.

Árið er 2017, baráttu kvenna stendur sem hæst og hver björninn á fætur öðrum er unninn í átt að jafnrétti. Konur sækja í það sem áður var kallað „karlastörf“ og öfugt. Ráðið er í stöður óháð kyni og konur láta til sín taka á sviðum sem ekki þekktist hér áður, konur í áhrifastörfum, konur í stjórnmalum og konur í forystu á nær öllum sviðum. Björninn er þó ekki alfarið unninn, eftir sitja mál eins og launamunur kynja og orlof húsmæðra svo dæmi sé tekið. Þegar talar er um jafnrétti þá þarf það að vera í báðar áttir, ekki satt? Í lögum okkar er að finna eitt og annað sem takmarkar frelsi okkar til að ganga alla leið til jafnréttis og eitt af því er orlof húsmæðra.

Lög um húsmæðraorlof hafa með örlitum breytingum verið frá því um 1960 en þar stendur meðal annars að „sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án

launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof. Tekið skal mið af félagslegum aðstæðum kvennanna og hafa skal til hliðsjónar barnafjölda.“ Lögin kveða á um að hverju sveitarfélagi sé gert að greiða 100 kr. á hvern íbúa í sínu sveitarfélagi í sjóðinn.

Reglur um úthlutunina eru alveg skýrar, einungis er greitt til kvenna á aldrinum 18-65 ára og hver kona sem uppfyllir skilyrðin má að hámarki fara tvisvar sinnum og ég efast ekki um að eftir þessu sé farið við úthlutun úr sjóðnum. Þetta átti

að auka virði húsmóðurstarfsins á sínum tíma og gera konum kleift að kynnast konum í sambærilegum aðstæðum. Ekki er það alveg svo að ferðirnar séu greiddar að fullu úr sjóðnum og eru þær sumar hverjar mjög dýrar sem gerir það að verkum að konur sem ekki hafa fjárhagslegt bakland eiga erfitt með að komast í umtaladar ferðir, því ekki hafa þær haft laun eins og gefur að skilja.

Íslenskar konur hafa barist hart fyrir réttlæti á hinum ýmsu sviðum og jafnrétti kynjanna er að margra mati á réttri leið. Horfa verður til þess að á þeim 56 árum sem lögin hafa verið í gildi hefur margt breyst í þjóðfélaginu, mun fleiri konur vinna nú utan heimilis og eiga því rétt á orlofi og ef horft er til nútíma-vidhorfa þá samræmist þetta engan veginn gildum okkar þjóðfélags í dag. Það hlýtur því að vera krafa þeirra sem berjast fyrir jafnrétti að allar konur og allir karlar sitji við sama borð í þessu sem öllu öðru.

Ég skora á Alþingi okkar allra að samþykkja frumvarp sem nú liggur fyrir um afnám laga um orlof húsmæðra og ganga þannig skrefið til fulls og afnema það ranglæti og óréttlæti sem felst í þessum lögum sem löngu er orðin tímasketkja og gefur ranga mynd af baráttu okkar fyrir jafnrétti kynjanna.

Bolludagstilboð



195,-/stk.

Rjómbollur

með súkkulaði eða karamellu ~~295,-~~



345,-/stk.

Urriðaholtsbollan
Karamellurjómi,
karamellupoppkorn,
karamella, flórsykur

~~445,-~~



695,-/10 stk.

Kjötbollur með kartöflum,
týtuberjasultu og rjómasósu

~~895,-~~



595,-/10 stk.

Grænmetisbollur
með kúskús, tómablönduðu
grænmeti og spergilkáli

~~795,-~~



Sólveig Lára Kjærnested, fyrirlíði Stjörnunnar, býr sig undir að lyfta Coca-Cola-bikarnum sem Garðbæingar unnu annað árið í röð eftir eins marks sigur, 19-18, á Fram í úrslitaleik í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Algjör forréttindi að fá að vera með

Eftir að hafa neyðst til að hætta aðeins 27 ára gömul og ekki spilað handbolta í tvö ár hefur Stjörnukonan Raket Dögg Bragadóttir snúið aftur á völlinn með stæl. Hún er tvöfaldur bikarmeistari, komin aftur í íslenska landsliðið og spilar af fullum krafti, bæði í vörn og sókn.

Ingi Þór
Sæmundsson
ingvithor@365.is



HANDBOLTI Rúmt ár er síðan Raket Dögg Bragadóttir sneri aftur á handboltavöllinn eftir tveggja ára fjarveru vegna höfuðmeiðsla. Þetta síðasta rúma ár hefur verið afar tíðindaríkt hjá Raket.

Þann 12. febrúar 2016 lék hún sinn fyrsta leik fyrir Stjörnuna, tveimur vikum síðar varð hún bikarmeistari, lék til úrslita um Íslandsmeistarátitilinn um vorið og vann sér aftur sæti í íslenska landsliðinu um haustið. Og á laugardaginn varð Raket aftur bikarmeistari með Stjörnuni eftir eins marks sigur á Fram, 19-18, í úrslitaleik.

„Ég er rosalega ánægð og það eru algjör forréttindi að fá að vera með. Ég er gríðarlega stolt af liðinu og stolt af sjálfri mér fyrir að vera hluti af því og hafa komið svona sterkt til baka,“ sagði Raket sem var stödd í bollukaffi hjá tengdaforeldrum sínum þegar blaðamaður sló á þræðinn til hennar. Raket segist ekki hafa búist við að vera komin svona langt og hafa gert svona mikið á þessu eina ári eftir að hún sneri aftur.

„Alls ekki, ég leiddi hugann ekkert að því. Ég ákvað bara að taka eitt skref í einu. Ég ætlaði bara rétt að koma og hjálpa en svo þróaðist þetta svona,“ sagði Raket sem er farin að spila stærra hlutverk í liði Stjörn-

unnar en á síðasta tímabili. Þá spilaði hún nær eingöngu vörminna en núna spilar hún nánast 60 mínútur í leik, bæði í vörn og sókn.

„Það tók tíma að koma sér í form og mig vantaði aðeins meiri vöðvastyrk til að geta tekið þátt í bæði vörn og sókn. Eftir tímabilið í fyrra setti ég mér það markmið að vera dugleg að æfa og styrkja mig þannig ég gæti tekið þátt í sókninni. Ég hef æft vel og fengið meira og meira traust í sókninni,“ sagði Raket sem skoraði fimm mörk í bikarúrslitaleiknum.

Eins og áður sagði var Raket tilneydd til að leggja skóna á hilluna í byrjun árs 2014 vegna erfiðra eftirkasta heilahristings sem hún fékk á landsliðsæfingu í nóvember 2013. En finnur hún enn fyrir höfuðmeiðslunum sem héldu henni frá keppni í tvö ár?

„Sem betur fer er ég að mestu laus við þetta. En þegar það er mikið álag og mikil læti finn ég að það er styttra í höfuðverkin. Ég þarf bara að hugsa vel um mig og þættir eins og svefn og mataræði hafa mikil áhrif. Ég reyni að halda þessu þannig í skefjum,“ sagði Raket sem segist ekki fá slæm höfuðverkjaköst eins og hún fékk áður.

„Ég er sjálf rosalega meðvitund um þetta sem og fólkið í kringum liðið, þjálfarar og sjúkrapjálfarar. Ef ég



Ég er gríðarlega stolt af liðinu og stolt af sjálfri mér fyrir að vera hluti af því og hafa komið svona sterkt til baka.

Raket Dögg Bragadóttir

finn að ég þarf að slaka á geri ég það,“ sagði Raket sem var að vonum ánægð þegar Axel Stefánsson valdi hana í landsliðið fyrir forkeppni HM 2017.

„Það var mikill heiður og eitthvað sem ég bjóst ekki við. Ég var rosalega stolt og ánægð þegar ég var valin,“ sagði Raket sem hefur skorað 301 mark í 100 landsleikjum.

Hún segist ekki horfa langt fram í tímann og taka bara eitt tímabili í einu.

„Ég horfi bara á eitt tímabili í einu. Ég ákvað að taka þetta eina tímabil og svo skoða ég hvort ég tek næsta tímabil. Ég er hvorki búin að útiloka né staðfesta það og hef varla hugsað út í það. Ég lifi bara í núinu og nýt þess að spila handbolta,“ sagði

Raket að lokum.

Sem fyrr sagði urðu Stjörnukonur bikarmeistarar á laugardaginn, annað árið í röð. Þær eru þó ekki saddir og stefna á Íslandsmeistarátitilinn sem liðið hefur ekki unnið síðan 2009.

„Við höfum sagt það í fleiri ár; nú er kominn tími til að vinna,“ sagði Raket en Stjarnan hefur tapað í úrslitum um Íslandsmeistarátitilinn undanfarnar fjögur ár. „Auðvitað er það markmiðið. Við förum ekkert leynt með það enda væri það skritið ef þetta væri ekki markmiðið. Við stefnum á þann stóra og erum með það sem lokamarkmið.“

Raket er á því að Stjarnan sé með sterkara lið en síðustu ár.

„Við höfum fengið unga og flotta leikmenn inn og það er rosalega góð breidd í hópnum. Við erum með ólíka leikmenn. Ég segi að við séum með sterkara lið núna en á síðasta ári,“ sagði Raket sem er að vonum ánægð með hvernig tekist hefur að fylla skarð markvarðarins frábæra, Florentinu Stanciu.

„Við erum með frábært markvarðateymi. Heiða [Ingfólfadóttir] kom inn í úrslitakeppninni í fyrra þegar Florentina meiddist og stóð sig gríðarlega vel. Hún hefur spilað vel í vetur og var óheppin að meiðast. En þá kom Hafdis [Renótuðóttir] hrikalega sterk inn og það var stórkostlegt að fylgjast með henni í bikarúrslitaleiknum,“ sagði Raket að lokum.

ingvithor@365.is



Embla Sigurgeirsdóttir keramikhönnuður rekur galleri Kaolin ásamt fleirum. MYNDIR/GVA

VINNUR MEÐ EFNINU

Embla Sigurgeirsdóttir segir starf keramikhönnuðarins oft snúast um málamiðlanir. Efnið hlýði ekki alltaf hönnuðinum. Hún hagnar mest nytjahluti en segir postulín fyrirtaks efni til skartgripagerðar.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Oft verður útkoman úr ofninum alls ekki eins og maður vonaðist eftir en ég er löngu búin að læra að taka því sem kemur af æðrulleysi. Stundum er liturinn annar en maður lagði upp með. En þetta er bara stór hluti þess að vera keramikker, maður ætlar sér að móta efnið en það er ekki alltaf hægt. Það þarf að læra að vinna með efninu miklu frekar en með það,“ segir Embla Sigurgeirsdóttir keramikhönnuður.

„Ég hanna mestmegnis nytjahluti en síðastliðið ár hef ég einnig búið til skartgripi. Postulín er nefnilega svo fjölþætt efni. Það er mjög sterkt en getur einnig verið afar fínlegt. Þegar því er blandað saman við silfur og keðjur verður útkoman ótrúlega skemmtileg. Ég hef leikið mér með demantsformið við hönnun skartgripanna. Nýjasta varan mín er skartgripaskrín, krukkur sem ég steypi og yfirfæri demantsformið á þær. Fyrstu krukurnar komu úr ofninum hjá mér í síðustu viku og eru

nýkomnar út í glugga í galleríinu,“ segir Embla en hún er ein þeirra nýu keramikhönnuða sem standa að Kaolin galleríi á Skólavörðustíg.

Ég er mikið fyrir hrein form og ákveðinn einfaldleika og tímaleysi. Ég vinn mikið í smáatriðum og sökkvi mér í fínvinnu. Ég er lítið í skreyti og munstrum. Þessi útúrdúr hjá mér með demantsformið ofan á skartgripaskrínunum er fyrsta tilraun mín í þá átt,“ segir Embla. Innblásturinn sækir hún í íslenskt landslag og liti.

„Ég var með íslenska náttúru í huga þegar ég var við nám í keramikhönnun í Englandi. Þá sótti ég mér innblástur í einhvers konar landslag og byggði litavalið á snjó og sandi og fleiri íslenskum einkennum. Þó hlutirnir mínir hafi eftir það þróast affram hef ég þó alltaf byggt ofan á þennan grunn.“

Auk þess að reka Kaolin gallerí ásamt fleirum er Embla með vinnustofu í Íshúsi Hafnarfjarðar. „Í Íshúsinu er samankominn svakalega flottur hópur hönnuða að vinna í svo margvísleg efni. Þetta er afar skapandi umhverfi og maður græðir auðvitað á því,“ segir hún. Á HönnunarMars munu þó Embla og hönnuðirnir í Kaolin

Maður ætlar sér að móta efnið en það er ekki alltaf hægt. Það þarf að læra að vinna með efninu miklu frekar en með það.

Embla Sigurgeirsdóttir

blása til sameiginlegrar sýningar á Skólavörðustígnum.

„Við verðum í samvinnu við Reykjavík Destillery á HönnunarMars. Þau brugga líkjörana og snafsana Birki og Björk og ætlum við að hanna snafsaglös undir drykkina. Það verða nokkrar útfærslur af glösum og mikill fjölbreytileiki og svo að sjálfsögðu verður hægt að smakka,“ segir Embla.



Skartgripaskrínin eru nýkomin úr brennsluofninum hjá Emblu.



Embla segir postulín fallett efni í skartgripagerð.

KOMMÓÐUR MEÐ SÖGU

Hlín Reykdal á tvær kommóður sem henni þykir afar vænt um. Hún er óhrædd við að breyta til á heimilinu og skreytir gjarnan með bókum, ávöxtum og blómum. Hún færir heimilisstemninguna upp á hærra plan með ilmkertum.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Skartgripahönnuðurinn Hlín Reykdal á tvær aldargamlar kommóður sem eiga báðar heidursess í stofunni.

„Græna kommóðan er 102 ára en hana smíðaði og málaði langafi minn Jón Reykdal handa dóttur sinni Stellu Reykdal. Hann var húsamálari og lærði gríðarlega gott handverk. Það sem hann málaði um ævina er margt alveg magnað eins og sjá má,“ segir Hlín.

Stella var afasystir Hlínar en var henni þó alltaf eins og amma. „Hún átti engin börn og þegar ég eignaðist mína fyrstu dóttur skírði ég hana í höfuðið á henni. Mamma var síðar með kommóðuna í sinni umsjá en gaf dóttur minni hana um daginn. Ég fékk svo leyfi hjá henni til að hafa hana í stofunni enda mikil prýði.“ Aðspurð segist Hlín helst geyma kerti og annað smálegt í kommóðunni ásamt lestrarbókum dætranna.

Hin kommóðan í stofunni er líka um það bil aldargömul. „Nanna systir mín keypti hana í Bandaríkjunum á sínum tíma, málaði hana og gaf mér. Hún hefur gagnast mér vel þó það ískri rækilega í henni og hún tekur endalaust við,“ segir Hlín, en í henni geymir hún gjafapappír, kerti, kertastjaka og dúka svo dæmi séu nefnd. Fyrir ofan kommóðuna er svo listaverk eftir Höddu Fjólu, aðra systur Hlínar. „Það eru allir með pensilinn á lofti í minni fjölskyldu. Það er engin undankomuleið í þeim efnum,“ segir Hlín og hlær.

Á öðrum stað í stofunni er svo að finna mynd eftir Stellu, eldri dóttur Hlínar. „Hana fékk ég þegar Stefanía yngri dóttir mín var nýfædd en hún er af mér að gefa brjóst.“

Hlín býr í svolítið rómantísku húsi í Skerjafirði en flytur í Vesturbæinn með vorinu. „Ég held að maður lagi sig svolítið að þeim húsakynnum sem maður er í og hér er því svolítið rómantísk stemning. Á sama tíma er ég mjög hrifin af mínimalískum stíl og blanda þessu saman.“

Hlín segist líka ófeimin við að breyta til. „Ég á það til að taka allt niður og setja í kassa og taka það svo kannski upp seinna. Eins breyti ég mikið til í takt við árstíðir.“ Hlín segist segist skreyta talsvert með hönnunar- og listaverkabókum og sömuleiðis ávöxtum og blómum. „Þá er ég mjög hrifin af ilmkertum og finnst þau færa heimilisstemninguna upp á hærra plan.“

Hlín rekur verslunina Hlín Reykdal að Fiskislóð 75 en þar er að finna skartgrip eftir innenda og erlenda hönnuði ásamt annarri gjafavöru fyrir börn og fullorðna. Má þar nefna ilmvoft og ilmkerti. Ástríða Hlínar fyrir ilmkertum leynir sér ekki en þau fást í ýmsum stærðum og gerðum. „Þau eru mest frá Bretlandi og Bandaríkjunum og ætli stjórnumerkin séu ekki Illume og Laboratory perfumes.“


Hlín er um þessar mundir að undirbúa HönnunarMars en þá verða ýmsar uppákomur í versluninni. „Þá er ég að fara að taka þátt í LOOT 2017 sem er stór skartgripahönnuða- og gullsmíðasýning sem haldin verður í Museum of Art and Design í New York í apríl. Þar stefni ég á að frumsýna nýjar línur.“



Hlín býr í rómantísku húsi í Skerjafirði og segir heimilisbraginn taka mið af því. Á borðinu er meðal annars skjaldbökuskel úr versluninni Heimili og hugmyndir. „Margir halda að hún sé ekta en svo er þó ekki,“ segir Hlín. MYND/GVA



Kommóðuna fékk Hlín frá Nönnu, systur sinni. Myndina málaði Hadda Fjóla, önnur systir hennar.



Myndina málaði Stella eldri dóttir Hlínar handa móður sinni þegar yngri dóttirin Stefanía var nýfædd. Kakan er úr Sautján sortum.

HIDROMEK®



Hidromek beltagröfur Fáanlegar í stærðum frá 14 og upp í 37 tonn

Nú er rétti tíminn til þess að festa kaup á Hidromek beltagröfu fyrir sumarið.

Hidromek framleiðir beltagröfur í stærðunum 14 og upp í 37 tonn og verðið er með því hagstæðasta á markaðinum.

Margar útgáfur í boði. Vel búnar og vandaðar vélar í alla staði.

Meðal helsta búnaðar má nefna ISUZU mótör, Kawasaki vökvakerfi, glussahraðtengi, fleyglögn, aukalögn, loftkæling ofl. ofl.



ÞÓR

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Farnsworth House er eitt af dádústu verkum hins þýsk-ameríska arkítektis Ludwig Mies van der Rohe. NORDICPHOTOS/GETTY

BRIDGES LEIKUR MIES VAN DER ROHE

Hið þekktu Farnsworth House eftir arkítektinn Mies van der Rohe verður miðpunktur kvikmyndar sem er í smíðum. Myndin fjallar um stormasamt samband arkítektisins og viðskiptavinarins Edith Farnsworth. Jeff Bridges og Maggie Gyllenhaal fara með aðalhlutverkin.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Farnsworth House er eitt af dádústu verkum hins þýsk-ameríska arkítektis Ludwig Mies van der Rohe (1886-1969). Heilmikil saga liggur að baki bæði hönnun og byggingu hússins sem pantað var af Edith Farnsworth árið 1945. Farnsworth var mikilmetinn læknir í Chicago og vildi eignast athvarf þar sem hún gæti hugað að áhugamálum sínum, slakað á og notið náttúrunnar.

Samband hennar við Mies byrjaði á vinalegum nótum, jafnvel rómantískum, en samstarfið súrnaði og lauk með margra ára dómsmáli þar sem deilt var um byggingarkostnað hússins. Farnsworth tapaði málinu að lokum og var

Maggie Gyllenhaal og Jeff Bridges hafa áður leikið saman, í myndinni Crazy Heart, en Bridges hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni.



aldrei almennilega sátt við húsið þar sem henni fannst hún eins og dýr í glerbúri.

Jeff Bridges og Maggie Gyllenhaal fara með hlutverk arkítektisins og læknisins en þau þekkja vel hvort til annars enda unnu þau saman í myndinni Crazy Heart sem kom út árið 2009 en fyrir frammistöðu sína hlaut Bridges Óskarsverðlaun og Gyllenhaal var tilnefnd sem besta leikkona í auka- hlutverki.

Ekki hefur verið gefið upp hvenær myndin birtist á hvíta tjaldinu.

MÓDERNÍSKUR ARKÍ- TEKTÚR

Ludwig Mies van der Rohe var einn af markverðustu arkítekt-

um tuttugustu aldarinnar. Fyrir dauða sinn árið 1969 hafði hann lokið við mjög fjölbreytt verkefni í alþjóðlegum og mórernískum stíl. Þau þekktustu eru líklega Seagram-byggingin í New York, 860-880 Lake Shore Drive turnarnir í Chicago og Barcelona Pavilion skálinn. Hann hannaði einnig húsgögn sem eru heimsþekkt í dag.

Mies líkt og samtímamenn hans á eftirstríðsárum fyrri heimstyrjaldarinnar leitaðist við að koma fram með nýjan stíl í arkitektúr sem gæti endurspeglað samtímann. Niðurstaðan var áhrifaríkur stíll sem endurspeglaði einfaldleika og skýrleika. Hann notaðist við nútímalegan efnivið á borð við iðnaðarstál og gler. Van der Rohe er oft tengdur við ummæli sín „minna er meira“ eða „less is more“ og „guð er í smáatriðunum“ eða „God is in the details“.

FARNSWORTH HOUSE

Farnsworth húsið var var hannað og byggt á árunum 1946 til 1951. Húsið er í raun glerskáli enda ná gluggar frá gólfi upp í loft og mynda þeir útveggina. Útsýnið er því yfirgripsmikið og gestir sjá í raun í gegnum húsið. Húsið er 140 fermetrar, það stendur tæpum tveimur metrum fyrir ofan flæðiland nærri Fox-ánni og er umkringgt skógi og villtri náttúru.

Byggingu hússins lauk árið 1951 og árið 2004 var það sett á lista yfir söguleg heimili í Bandaríkjunum.



Veggir og skilrúm í húsinu koma hvergi við útveggi hússins sem eru úr gleri.



Farnsworth House var sett á lista yfir söguleg heimili í Bandaríkjunum árið 2004.



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Írena Sigurðardóttir



Hafdís Una Guðnjardóttir
lögfræðingur



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Frákvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölldóttir
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur, Löggiltur
Fasteignasali. Skjalagerð.
899 9083



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stilisti.
Í Lögildingarnámi
892 8778



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



S Í ð a n 1 9 9 5

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is

Eiguleg eign í Kópavogi

Fasteignasalan Miklaborg hefur til sölu einbýlishús með tveimur íbúðum við Hraunbraut 33 í Kópavogi.

Húsið sem er byggt árið 1962 og teiknað af Birni Emilssyni, stendur á stórrí lóð sem er 735,0 fm. Efri hæðin er skráð 163,0 fm og neðri hæðin er skráð 76,3 fm. Gengið er inn í íbúðirnar að sunnanverðu. Húsið var múrviðgert síðastliðið sumar og er tilbúið fyrir málingu. Jarðhæðin er í útleigu.

Efri hæð: Komið er inn í rúmgóða forstofu og þaðan í rúmgott hol með góðum skápum. Eldhúsið er með góðri hvíttri innréttingu. Úr eldhúsi er innangengt inn í þvottahúsið. Inn af þvottahúsi er geymsla með hurð út í garð. Úr eldhúsi er gengið upp í stofu. Stofur eru mjög rúmgóðar og bjartar. Stórir fallegir gluggar til vesturs með miklu útsýni yfir Kársnesið og Skerjafjörð. Svefnherbergin ásamt baðherbergi eru á sérgangi. Svefnherbergin eru þrjú, tvö þeirra með skápum.

Úr einu herbergjanna er útgengt út á fallega verönd til austurs. Baðherbergið er mjög rúmgott og hefur verið endurnýjað að hluta.



Í húsinu er tvær íbúðir.



Stofur eru rúmbóðar og bjartar.



Eftir hæðin er skráð 163 fm.

Neðri hæð: Neðri hæð er skráð séríbúð en hefur verið skipt í tvennt, stúdíóíbúð og geymslurými. Íbúðin er björt með góðum gluggum. Úr forstofu er komið inn í hol. Baðherbergið er með baðkari og sturtu. Íbúðin er að öðru leyti eitt rými með lítilli eldhúsinnréttingu og afstúkuðu svefnrými og sér þvottaherbergi.

Hinn hlutinn er nýttur sem geymsla fyrir efri hæð og er steypdur stigi milli hæða. Helmingur rýmisins er votrými þar sem búið er að setja slitsterkt gólfefni en inn af er þurr rými með dúk á gólfi. Búið er að stækka glugga á norðurhlíð þannig að útgengt sé á bílapan úr votrýminu.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Vefarstræti 7-13 - Nýtt fjölbýlishús



Við vorum að fá í sölu vel skipulagðar íbúðir í byggingu við Vefarstræti 7-13 í Helgafellshverfinu í Mosfellsbæ.

Íbúðirnar skilast fullbúnar með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð. **Afhending í janúar 2018.**

4ra herbergja íbúð verð 44,9 m.

5 herbergja íbúðir verð frá 47,5 m.

Laxatunga 49 - 270 Mosfellsbær 3



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Fallegt 174,5 m² einbýlishús á einni hæð með bílskúr.

Húsið skiptist í forstofu, stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi með sér baðherbergi og fataherbergi og þvottahús. Í bílskúr er búið að útbúa sér íbúðarrými með séringgangi, svefnherbergi og baðherbergi. **V. 61,9 m.**

Digranesvegur 48 - 200 Kóp.



182,4 m² parhús á þremur hæðum. Au-kaíbúð hefur verið útbúin í kjallara hússins. Sérinnangangur í báðar íbúðir. Eignin þarfnast viðhalds og viðgerða. **V. 54,9 m.**

Skútahraun 4 - 220 Hfj.



183,5 m² iðnaðarbil í atvinnuhúsnæði. Eignin er í útleigu til 31. ágúst 2017. Leiguverð er 125.000 kr á mánuði. Stór innkeyrsluhurð er á húsnæðinu. Húsið er stálgrindarhús byggt árið 1990. **V. 24,5 m.**

Í Þormóðsdal - við Hafrvatn



Veröld við Hafrvatn. Fallegt 99,6 m² heilsárshús við Hafrvatnsveg, með miklu útsýni, rétt við Hafrvatn í Mosfellsbæ. Húsið stendur á afskaplega fallegum stað upp í hlíðum Hafrafells, rétt ofan við Hafrvatnsveg. Húsið er byggt úr timbri við steinsteypt jarðhúsi sem er felt inn í landhallann. Gólf og pallar standa á steypum súlum. **V. 47,0 m.**

Barmahlíð 23 - 105 Reykjavík



91,2 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Barmahlíð 23 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hol, baðherbergi, geymslu/þvottahús og stofu. Nýtt rafmagn í íbúð og ný rafmagnstafla í sameign. Gluggar og gler í íbúð nýlegt. Ný innrétting og tæki í eldhúsi. Ný innrétting á baðherbergi. Íbúðin er nýmálúð. **V. 43,0 m.**

Stórikriki 2 - 270 Mosfellsbær



Falleg 116,8 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða lyftuhúsi með bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. Seljandi skoðar skipti á stærri eign í Mosfellsbæ. **V. 45,9 m.**

Hamrar 8 - Kjósarheppur
S: 868-7048
linda@gardatorg.is



Bergþóra Lárusdóttir
Sölumaður og nemi til löggildingar
Sími 895 3668
bergthora@gardatorg.is



Eyjarlóð 9 210 fm.

Björt og opin 210 fm efri hæð/loft án milliveggja með mikilli lofthæð, góðri aðkomu og miklu útsýni til norðurs og suðurs.

Búið er að stúka af eldhús- og salernisaðstöðu en því má breyta eftir hentugleika.

Gott pláss fyrir utan, næg bílastæði.

Möguleiki á eitthvað lægri leigu fyrstu mánuðina a meðan leigutaki er að koma sér fyrir.

Rýmið afhendist 1. apríl 2017.



Síminn okkar er 515 4500 og netfangið
nyhofn@nyhofnfasteignir.is

Lárus Ómarsson | löggiltur fasteignasali

Nýhöfn fasteignasala | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515 4500 | www.nyhofn.is

LIND Fasteignasala kynnir:

Einstakt og vandað einbýlishús í Fossvogi

Húsið hefur allt verið tekið í gegn og endurnýjað. Sérsmíðaðar innréttingar og hurðir frá Borg og mikið af auka innréttingum. Ljós og ljósa hönnun frá Lumex. Granítborð-plötur, vönduð tæki, halogenlýsing, arinn í stofu. Fallegur garður, tvær verandir, góð skjól-girðing í kringum hús ásamt heitum potti.

Sjö svefnherbergi ásamt skrifstofuherbergi, fjögur baðherbergi, þrjár stofur, þ.m.t. 2ja herbergja 62 fm íbúð með sérinngangi á neðri hæð.

STÆRÐ: 502 FM EINBÝLI HERB: 11 108 RVK

Allar nánari upplýsingar veitir:



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali



Gefjunarbrunnur – 113 Reykjavík



Gott parhús á tveimur hæðum í Úlfarásdalnum. Húsið er skráð 252,2 fm samkvæmt þjóðskrá Íslands. Eignin er skráð á byggingarstigi 4 en verður klárud á byggingarstigi 7 fyrir sölu. **V – 74,9 millj.**

Flúðasel – 109 Reykjavík



Virkilega fallegt rúðhús á tveimur hæðum, ásamt rúmgóðu stæði í bílahúsi. Sólþallar eru bæði fyrir framan hús og á bak við. Fallegt fjölskylduhús sem hefur fengið gott viðhald og mikið endurnýjað. **V – 59,7 millj**

Reiðvað – 110 Reykjavík



Falleg, björt og rúmgóð 121,2 fm. 4ra herb. íbúð á 3. hæð (2. hæð frá bílplani) með sér inngangi og stæði í bílageymslu. Suður svalir og glæsilegt útsýni til Heiðmerkur og Bláfjalla. **V – 49,9 millj.**

Kringlan – 103 Reykjavík



Vel innréttað skrifstofuherbergi á 9. hæð í Kringlunni. Ásamt eldhúskrók og sturtuadstöðu. Sameiginleg snyrting. Marmari og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni og einstök staðsetning. **V – 29,8 millj**

101 Reykjavík fasteignasala og um allt land

Velkominn til starfa

450

FASTEIGNASALA

Árni Sigurgeirsson

Árni Sigurgeirsson hdl, er framkvæmdastjóri 450 Fasteignasölu.

Árni setur hagsmuni viðskiptavina fasteignasölnunnar ávallt í fyrsta sæti og er annt um að fasteignaviðskipti hjá 450 Fasteignasölu gangi fyrir sig með traustum og öruggum hætti.

Sími: 692 7203

Netfang: arni@450.is



Baldur Jezorski

Aðstoðarmaður
fasteignasala

baldur@450.is
776 0615



Erlendur Davíðsson

Löggiltur
fasteignasali

erlendur@450.is
897 0199



Kristberg Snjólfsson

Aðstoðarmaður
fasteignasala

ks@450.is
892 1931



Bárður Hreinn Tryggvason

Aðstoðarmaður
fasteignasala

bardur@450.is
896 5221



Páll Heiðar Pálsson

Aðstoðarmaður
fasteignasala

palli@450.is
775 4000



Elías Haraldsson

Löggiltur
fasteignasali

elias@450.is
777 5454



Hafdís Sveinbjörnsdóttir

Skrifstofustjóri

hafdis@450.is
778 8900



Stofnað
1983

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

SKÚLASKEIÐ - EINBÝLI - HAFNARFJÖRÐUR



Hraunhamar kynnir einstakt einbýlishús ásamt vinnustofu staðsett á frábærum útsýnisstað í Vesturbæ Hafnarfjarðar rétt við Skrúðgarð Hafniröinga, Hellisgerði. Eign sem býður upp á ýmsa möguleika. Húsið er eitt af fallegustu húsum Hfj. og einstakt að mörgu leyti. Húsið er samtals um 220 fm.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Halldórsson hjá Hraunhamri í síma 698-2603 eða í gegnum tölvupóst á hlynur@hraunhamar.is

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Réttur til milligöngu í fasteignaviðskiptum

Þann 1. febrúar sl. tók það ákvæði gildi í lögum um sölu fasteigna og skipa að þeir einir geti fengið nemaheimild sem lokið hafa fyrstu önn í námi til löggildingar í fasteignasölu – en um er að ræða tveggja ára háskólanám til að verða fasteignasali. Slík nemaheimild veitir nema heimild til að aðstoða fasteignasala við vissa þætti í milligöngu um fasteignaviðskipti. Listi yfir þá er hafa nemaheimild má sjá inni á heimasíðu Félags fasteignasala, ff.is, ásamt því sem þar má sjá myndir og nöfn

allra fasteignasala innan Félags fasteignasala. Mikilvægt er að áréttu að með þessu er löggjafinn að tryggja neytendavernd þegar fólk á almennt sín stærstu viðskipti á lífsleiðinni. Öðrum en fasteignasölum og þeim er hafa nemaheimild til að aðstoða fasteignasala við störf er óheimilt með öllu að sinna verkefnum við milligöngu fasteignaviðskipta. **Grétar Jónasson hdl framkvæmdastjóri Félags fasteignasala**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



Hilmar Óskarsson
Framkvæmdastjóri
Gsm: 896-8750



Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750



Guðjón Sigurjónsson
Aðstm. í námi til lögg. fsl.
Gsm: 846-1511



Pálmi Almarsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344



Smári Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362



Auður Kristinsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772



Hildur Edda Gunnarsdóttir
Lögr./Aðstm.
Gsm: 661-0804



LANGALÍNA 20-26

Stórglæsilegar íbúðir við Longulínu í Sjalandi Garðabæ

NÝBYGGING

Glæsilegt 3ja hæða áklætt fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu. Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnas og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is



LUNDUR 5

Stórglæsilegar íbúðir við Lund 5 í Kópavogi.

SJÁVARÚTSÝNI

NÝTT

Stórglæsilegar íbúðir með sjávarútsýni við Lund 5 í Kópavogi. Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lund 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Áklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is



LUNDUR 25

Stórglæsilegar íbúðir við Lund 25 í Kópavogi.

NÝBYGGING

NÝTT

Stórglæsilegar íbúðir við Lund 25 í Kópavogi. Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lund 25 í Fossvogsdal í 11 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 5 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 111 til 179 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Áklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is

MIKIÐ ÚTSÝNI

RJÚPNASALIR

- 201 Kóp.
- 92,0 fm.
- 3ja herb.
- 11. hæð.
- Stæði í bílageymslu.
- Falleg íbúð.
- Verð 41,9 millj.

RAUÐAVALD 25

- 110 Rvk.
- 4ra herb.
- 2. hæð.
- 117,7 fm.
- Stæði í bílageymslu.
- Fallegt útsýni
- Verð 46,4 milljónir.

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 17:30

SKÓLAGERÐI 57

- 200 Kóp.
- 2ja herb.
- 56,1 fm.
- Ný standsett, innréttingar, rafmagn.
- Laus við kaupsamning.
- Verð 32,5 millj.

OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17.00 TIL 17.30

KRÓKAMÝRI 14

- 210 Gbæ.
- Parhús
- 4ra herb.
- 106,3 fm.
- Verð 49,5 milljónir.

OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 17:30

OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 TIL 17:30

EIN HÆÐ

BRAUTARLAND

- 108 Rvk.
- Ein hæð.
- Endaraðhús.
- 183 fm.
- Stór lóð.
- Innbyggður bílskur.
- Mikið endurnýjað innan sem utan.

STIGAHLIÐ 28


- 105 Rvk.
- 3ja herb.
- 83 fm.
- Góð svefnherbergi.
- Verð 36,9 millj.

ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-des. 2016.

Allt sem þú þarft ...



Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST 
Ráðningar

www.fastradningar.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Illska

*Magnism eirra adit andebit
inctotas cursimms nienis*



„Þetta er að öllum líkindum ein
mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn
tíma og listamönnunum til mikils sóma.“

B.L. - DV

ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Miðasala | borgarleikhus.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír
neysluvatnshitarar
með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest annað
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem
viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Vissir þú að...
börn eiga rétt
á vernd og umönnun

Barnaheill
Save the Children & Iceland



Hallveig Rúnarsdóttir er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besta söngkona í flokknum Sígild- og samtímatónlist. Hún var einnig tilnefnd 2014 fyrir frammistöðu sína í Ein deutsches Requiem sem hún syngur á ný á þriðjudag. MYND/VILHELM


ENDURSKAPA TÖFRANDI STUND

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona syngur í hinu magnaða kórverki Ein deutsches Requiem eftir Johannes Brahms sem Söngsveitin Fílharmónía flytur í Norðurljósasal Hörpu á þriðjudaginn.

„Þegar ég söng verkið með kórnum fyrir rúmum tveimur árum var það afar töfrandi stund enda var viburðurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónlistarviðburður ársins 2014,“ segir Hallveig sem sömuleiðis var tilnefnd sem söngkona ársins fyrir flutning sinn í flokknum Sígild- og samtímatónlist. Hún er einnig tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár sem afhent verða í vikunni.

„Verkið er ótrúlega fallett og magnað að sitja á sviðinu og hlusta. Ég syng ekki nema einn kafla og fæ því að njóta verksins mjög vel,“ segir Hallveig og bætir glettin við að sólsöngvarar þurfi oft að sitja aðgerðarlausir í kórverkum en það sé varla vandamál í Ein deutsches Requiem þar sem verkið sé afar fallett áheyrnar.

Hallveig segir uppfærsluna á þriðjudaginn nánast þá sömu og fyrir tveimur árum. „Verkið er flutt í útsetningu fyrir tvö píanó og pákur. Kórinn er sá sami líkt og stjórnandinn, píanóleikararnir og pákuleikarinn en hins vegar syngur Ágúst Ólafsson með okkur núna í stað Kristins Sigmondssonar,“ segir Hallveig en tónleikarnir fara fram í Norðurljósum í ár í stað Langholtskirkju. „Ég mjög spennt að heyra hvernig verkið muni koma út í Norðurljósum.“



Johannes Brahms.

Í MINNINGU MÓÐUR OG SCHUMANN'S

Hið þýska requiem Brahms þykir afar krefjandi kórverk en er einnig sérstakt fyrir margra hluta sakir. „Í fyrsta lagi má nefna að það er samið og sungið á þýsku sem er afar óvenjulegt fyrir sálumessur sem ídulega eru á latínu,“ lýsir Hallveig en Brahms notaðist við þýskan texta lúterskrar útgáfu Biblíunnar. „Þá er stundum talað um verkið sem hina mannlegu sálumessu þar sem Brahms lagði mikla áherslu á að huga eftirlifendur í verkinu þó hinn trag-

íski þráður sé aldrei langt undan.“

Upphaf sálumessunnar má rekja til sorga Brahms sjálfs. „Hann var góður vinur Robert Schumann og eiginkonu hans Clöru. Veikindi, sjálfsmorðstílaun og dauði Schumanns árið 1856 hafði mikil áhrif á hann en annar kafla sálumessunnar var upphaflega saminn sem hægur scherzo þáttur í sinfóníu sem Brahms vann að eftir fráfall Schumanns. Það var hins vegar andlát móður Brahms árið 1865 sem fékk hann til að semja sálumessuna enda var fráfall hennar honum mikið áfall,“ segir Hallveig og telur vel þess virði að koma og hlusta á Ein deutsches Requiem enda ekki á hverjum degi sem slíkar perlur klassískrar tónlistar séu fluttar.

MARGT ANNAD Á DÖFINNI


Hallveig hefur ýmis önnur járn í eldinum. „Ég syng Jóhannesarpassíu Bachs í byrjun apríl. Svo fer ég til Færeyja að syngja sumarmessuna eftir Mozart og er með tvö stór verkefni í maí. Annars vegar Guðbrandsmessuna eftir Hildigunni systur sem ég syng með Söngsveitinni Fílharmóníu og hins vegar óratoríuna Judas Maccabaeus eftir Händel.“

Tónleikarnir fara fram í Norðurljóssal Hörpu þriðjudaginn 28. febrúar.



Söngsveitin Fílharmónía flytur Ein deutsches Requiem undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

#akraborgin



AKRABORGIN
HJÖRTUR HJARTAR
SPORT OG ROKK
ALLA VIRKA DAGA 16:00 - 18:00

X 97.7

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum viðsvegar um landið:

NI nettó BONUS

Samskip Samskip Samskip

BÍLAR & FARARTÆKI



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur

Sími: 522 4600

<http://www.krokur.net>



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Ágerð 2009, ekinn 173 PKM, bensín, sjálfskiptur.35" breyttur. Verð 6.450.000. Rnr.111461.Höfðabílar S.577-4747

Höfðabílar

Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bílar óskast

Parfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.

Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Vinnuvélar



BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist okspares@simnet.is

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is



GLAMOUR.is

Allt það helsta úr heimi TÍSKUNNAR á einum stað GLAMOURIS

Varahlutir

Startarar & alternatorar í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTAL 2017

Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSPJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkar ehf

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



Sýningarsalur við Dragháls

ALLT FYRIR VERSLANIR



Þjónusta við verslanir í 27 ár

Í samstarfi við stærstu framleiðendur Evrópu - höfum við hannað og teiknað upp verslunarpláss, jafnt smá sem stór í samstarfi við viðskiptavini, þannig miðlum við okkar reynslu best.

Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Dragháls 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300
Fax: 535 1305 -
verslun@verslun.is



Smíðum eftir máli

Hurðir & Gluggar
www.hurdirogluggar.is
Kaplhbrauni 17 • Hafnarfirði
S: 565 4123 • eljo@internet.is

SMÍÐSKRAFTUR EHF.**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagning og allt almennt viðhald.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi

smidskraftur@gmail.com



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

PÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMÍÐILL

- SPÁI Í SPIL
- OG KRISTALSKÜLU
- HEILUNAR TÍMAR
- FYRIRBÆNIR
- ALGIÐR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafmeister@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

KEYPT & SELT**Til sölu****LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnunar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA**Nudd****TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

HÚSNÆÐI**Geymsluhúsnæði****WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m². Ódyrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA**Atvinna í boði**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asiú mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

Atvinna óskast**PROVENTUS STARFSMANNAPJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is



REYKJAVÍK SÍÐDEGIS ER Í LOFTINU

ÞORGEIR KRISTÓFER OG BRAGI OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNÐAR

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00-18:30

BYLGIAN 989

tilkynningar

NÝTT DEILISKIPULAG

Nýtt deiliskipulag Kaldárselsvegur frá Sörlatorgi að Hlíðarþúfum

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í samræmi við 4l. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða verða gerðar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Mosahlíð og Áslandi 3.

Deiliskipulagið afmarkast frá Sörlatorgi og að Hlíðarþúfum alls 8 ha að stærð.

Deiliskipulagstillagan, greinargerð ásamt breytingum fyrir Mosahlíð og Ásland 3, verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2 frá 27.02 - 10.04.2017. Einnig er hægt að skoða tillögurnar á hafnarfjordur.is. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað á netfangið: berglindg@hafnarfjordur.is eða skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 10.04.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

**til sölu**

Alltaf loyn á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlokunarferfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.



Vandaðir álsólskálar og glerhýsi



Höfðabakki 9,
110 Reykjavík
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is



netto

SALTKJÖT

FRÁ 198 KR/KG



SALTKJÖT
SÍÐUBITAR

ÁÐUR: 430 KR/KG | 54% AFSL.

198 KR/KG

LAMBASALTKJÖT
BLANDAÐ

ÁÐUR: 898 KR/KG | 23% AFSL.

691 KR/KG

SÉRVALIÐ
SALTKJÖT

1.998 KR/KG

Saltkjöt of bunnis, tilbúið!
**FRÁBÆR
VERÐ**

GULRÆTUR OG
GULRÓFUR Á

30%
AFSLÆTTI

... balla, balla, balla
MIKIÐ ÚRVAL
FYRIR BOLLUDAGINN



31%
AFSLÁTTUR

MEGGLE JURTAJÓMI
SPRAUTU 250ML

Verð áður: 289 kr

Tilboðsverð: 199 kr



netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Nýjast

Coca-Cola bikar kvenna

Stjarnan - Fram 19-18

Stjarnan - Mörk (skot): Helena Rut Örvarsdóttir 6 (17), Rakel Dögg Bragadóttir 5 (13), Sólveig Lára Kjærnested 4 (8), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3/1 (3/1), Elena Eliasbet Birgisdóttir 1 (1), Esther Viktoria Ragnarsdóttir (1), Stefania Theodórsdóttir (2), Brynhildur Kjartansdóttir (3), Þorgerður Anna Atladóttir (7).

Varin skot: Hafðis Renótdóttir 17 (35/2, 49%).

Fram - Mörk (skot): Ragnheiður Júlíusdóttir 7 (23), Steinunn Björnsdóttir 4 (5), Guðrún Þóra Hálfðánsdóttir 2 (3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2/2 (4/2), Marthe Sórdal 1 (1), Rebekka Rut Skúladóttir 1 (1), Hildur Þorgeirsdóttir 1 (8), Elva Þóra Arnardóttir (1), Hafðis Shizuka Iura (3).

Varin skot: Guðrún Ósk Mariasdóttir 20 (39/1, 51%).

Coca-Cola bikar karla

Afturelding - Valur 22-26

Afturelding - Mörk (skot): Árni Bragi Eyjólfsson 5/3 (6/3), Elvar Ásgeirsson 4 (8), Guðni Már Kristinsson 3 (3), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (3), Ernir Hrafn Arnarson 3 (7), Mikko Pinnonen 2 (7), Gunnar Þórsson 1 (2), Kristinn Bjarkason 1 (3).

Varin skot: Kristófer Fannar Guðmundsson 10 (25/2, 40%), Davíð Hlíðdal Svansson 2 (13/2, 15%).

Valur - Mörk (skot): Josip Juric 10/1 (14/1), Anton Rúnarsson 6/3 (11/3), Vignir Stefáns-son 3 (4), Ýmir Örn Gíslason 2 (4), Sveinn Aron Sveinsson 2 (5), Sturla Magnússon 1 (1), Orri Freyr Gíslason 1 (2), Ólafur Ægir Ólafsson 1 (3), Alexander Örn Júlíusson (1).

Varin skot: Hlynur Morthens 11 (26/2, 42%), Sigurður Ingiberg Ólafsson 3 (10/1, 30%).

SEBASTIAN LÁTINN FARA

Sebastian Alexanders-

son og aðstoðar-
manni hans,
Zoran Ivic, var
í gær sagt upp
stórfum hjá liði
Selfoss í Olís-
deild kvenna. Við
starfi þeirra taka
taka Grímur Hergeirsson og Árni
Steinn Steinþórsson. Grímur er
aðstoðarþjálfari karlalíðs Selfoss
og Árni leikmaður þess. Selfoss er
í 7. sæti Olís-deildar kvenna, fimm
stigum frá öruggu sæti.



ÁTTA MÖRK ARNÓRS ÞÓRS

Arnór Þór Gunnarsson skoraði átta
mörk úr 10 skotum
þegar Bergischer
vann mikil-
vægum sigur á
Coburg, 29-25,
í fallslag í þýsku
úrvalsdeildinni
í handbolta. Þetta
var annar sigur Arnórs
Þórs, Björgvins Páls Gústav-
sonar og félagi í Bergischer í röð
en Íslendingaliðið er nú aðeins
þremur stigum frá öruggu sæti
þegar 13 umferðum er ólokið.



MARKAHÆSTUR Í ÍSRAEL

Viðar Örn Kjartansson getur
hreinlega ekki hætt að skora þessa
dagana. Á laugardaginn gerði hann
seinna mark Maccabi Tel Aviv í
2-0 heimasigrí á Yehuda. Viðar
er markahæsti
leikmaður ísra-
elsku úrvals-
deildarinnar
með 15 mörk
en níu þess-
ara marka
hafa
komid á
þessu ári.



Í dag

19.50 Leicester - Liverpool Sport
22.00 Messan Sport



Anton Rúnarsson og Orri Freyr Gíslason lyfta Coca-Cola-bikarunum eftir sigur á Aftureldingu, 22-26, í úrslitaleik. Valsmenn voru þar með bikarmeistarar tilinn en þeir hafa alls tíu s...

Sömu nöfn á bikurunum og á síðu

**Valsmenn og Stjörnu-
konur eru bikarmeistar-
ar annað árið í röð. Valur
lagði Aftureldingu að
velli en Stjarnan Fram.**

HANDBOLTI Það væri kannski rétt að
endurnefna bikarinn sem keppt er
um í Coca-Cola-bikar karla Óskar-
inn. Enginn þjálfari hefur nefnilega
unnið bikarinn jafn oft og Óskar
Bjarni Óskarsson sem stýrði Val í
fimmta sinn til sigurs í bikarkepp-
inni á laugardaginn. Valur vann þá
fjögurra marka sigur á Aftureldingu,
22-26.

„Þetta er alltaf jafn gaman. Ég held
að Valur sé búinn að fara 14 sinnum
í bikarúrslit og unnið 10 sinnum. Það
er frábært og mér fannst þessi helgi
stórkostleg,“ sagði Óskar Bjarni sem
stýrir Valsliðinu ásamt Guðlaugi
Arnarssyni.

Honum hefur verið legið á hálsi
fyrir rýra uppskeru í úrslitakeppni
Íslandsmótsins en í bikarkeppninni
er enginn betri. Óskar Bjarni er
eflaust montinn af öllum bikartitl-
unum fimm en þessi síðasti hlýtur
að vera ansi sérstakur.

Mikið álag á Valsmönnum

Bikarúrslitaleikurinn á laugardaginn
var fimmti leikur Vals á 11 dögum.
Þeir unnu Aftureldingu í Olís-deild-
inni miðvikudaginn 15. febrúar, fóru
svo til Svartfjallalands og slógu RK
Partizan 1949 út í Áskorendabikar
Evrópu, komu svo heim og tryggðu
sér bikarmeistaratitilinn.

Valsmenn virtust að þrotum
komnir í seinni hálfleiknum gegn
FH en fundu samt kraft til að landa
sigrinum. Gegn FH héldu Valsmenn

hreinu síðustu sex mínúturnar og
gegn Aftureldingu fengu þeir aðeins
eitt mark á sig á síðustu sex mínú-
turnum leiksins. Bræðurnir Orri Freyr
og Ýmir Örn Gíslason voru magn-
aðir í miðri Valsvörninni og hinn
síungi Hlynur Morthens varði mikil-
væga bolta á lokakaflanum.

Anton Rúnarsson stýrði
sóknarleik Vals af festu í
bikarúrslitaleiknum. Undir
lok hans breytti Afturelding yfir
í framliggjandi vörn sem gafst svo
vel gegn Haukum. Anton segist hafa
verið undir það búinn.

„Mér fannst við leysa það mjög
vel. Ég var alveg viðbúinn því að
þeir myndu spila þetta og við vorum
alveg klárir fyrir þetta,“ sagði Anton
sem skoraði sex mörk í leiknum.

Góð sending frá Króatíu

Besti sóknarmaður Vals í leiknum
var hins vegar króatíska skyttan
Josip Juric Grgic sem kom til félags-
ins fyrir tímabilið. Josip valdi svo
sannarlega rétta tímunn til að eiga
sinn besta leik í treyju Vals. Hann
skoraði 10 mörk í leiknum, þar af sjö
í seinni hálfleik. Tvö þeirra komu á
síðustu fjórum mínútum leiksins.

„Að sjálfsögðu kom ég hingað til
að vinna titla. Það er kannski djærft
að segja það en við undirbúum
okkur fyrir það,“ sagði hinn 21 árs
gamli Josip sem ítrekaði mikilvægi
liðsheildarinnar. „Ég skoraði kannski
10 mörk en þetta var liðssigur. Þetta
er sigur okkar allra. Það skiptir ekki
máli hver skorar.“

Draumabyrjun Garðbæinga

Stórkostleg byrjun Stjörnun-
nar lagði grunninn að sigrinum á Fram,
19-18, og öðrum bikarmeistaratitli
Garðbæinga í röð. Stjörnukonur

Leikmenn helgarinnar

Hafðis Renótdóttir fór illa með
sína gömlu félagi í Fram. Hafðis
varði alls 17 skot, eða 49% þeirra
skota sem hún fékk á sig. Hafðis var
sérstaklega öflug í byrjun og undir
lok leiksins en hún varði samtals
níu skot fyrstu 10 og síðustu 10
mínútunum. Hafðis reyndist Ragn-
heiði Júlíusdóttur sérstaklega erfið
en hún varði níu
skot frá henni í
leiknum.

Josip Juric Grgic var markahæstur
á vellinum í bikarúrslitaleik karla.
Þessi öflug skytta frá Króatíu
skoraði 10 mörk úr aðeins 14
skotum. Josip átti erfitt uppráttar
í undanúrslitaleiknum gegn FH á
föstudaginn en fann sig vel gegn
Aftureldingu og mörkin hans komu
á mikilvægum augnablikum. Ef
Josip verður í þessum ham
í úrslitakeppninni eru Vals-
mönnum allir vegir færir.



voru tilbúnar strax frá upphafsflauti
á meðan Framkonur sáu sér ekki
fært að byrja leikinn fyrir en eftir 20
mínútur.

Stjarnan spilaði frábæra vörn í
byrjun leiks og fyrir aftan hana var
Hafðis Renótdóttir í miklum ham.
Hún varði sex af fyrstu sjö skotunum
sem hún fékk á sig, þar af fjögur frá
Ragnheiði Júlíusdóttur. Hafðis kom
til Stjörnunna frá Fram fyrir tíma-
bilið og reyndist sínum gömlu félög-
um óþægur ljár í þúfu í Höllinni.

Stjarnan keyrði stíft á Fram í upp-
hafi leiks og það skilaði einföldum
mörkum. Eftir 18 mínútna leik var
stadan orðin 11-3 og stada Stjör-
nunna afar vænleg.

„Ég hef aldrei spilað jafn geðveika
vörn og fyrstu tíu mínúturnar. Það

voru allir á tánum,“ sagði Helena Rut
Örvarsdóttir sem var frábær í vörn
Stjörnunna og skoraði auk þess
sex mörk, þar af sigurmarkið þegar
mínúta var eftir.

Algjör viðsnúningur

Það var kannski eins gott að Stjarnan
byrjaði leikinn jafn vel og hún gerði
því liðið var í ævintýralegum vand-
ræðum í sókninni síðustu 42 mínút-
ur leiksins. Stjörnukonur skoruðu 11
mörk á fyrstu 18 mínútum leiksins
en bara sjö eftir það.

Á sama tíma vaknaði Framliðið
til lífsins; þétti vörnina, Guðrún Ósk
Mariasdóttir fór að verja og Ragn-
heiður snögghitnaði í sókninni. Hún
skoraði aðeins eitt mark úr fyrstu
sjö skotunum sínum en næstu fimm



Innum orðið bikarmeistarar, oftast allra liða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

asta ári

Stjörnuliðin finna sig vel í bikarúrslitunum

Stjörnukonur urðu bikarmeistarar annað árið í röð um helgina og hafa þar með unnið bikarinn átta sinnum. Kvinnalið Stjörnunnar lék sinn fyrsta bikarúrslitaleik árið 1986 en stelpurnar úr Garðabænum náðu aðeins að vinna einn af fyrstu sjö bikarúrslitaleikjum sínum. Frá árinu 1996 hafa þær aftur á móti unnið sjö af átta bikarúrslitaleikjum sínum en ekkert annað félag hefur unnið bikarinn oftar en fjórum sinnum á þessum tuttugu árum.

Það er líka fróðlegt að skoða frábært sigurhlutfall Stjörnuliðanna í handbolta og körfubolta í Höllinni á nýrri öld. Frá og með árinu 2001 hafa Stjörnuliðin unnið 10 af 12 bikarúrslitaleikjum sínum. Kvinnahandboltaliðið hefur unnið 5 af 6 úrslitaleikjum, karlahandboltaliðið hefur unnið 2 af 3 úrslitaleikjum sínum og karlakörfuboltaliðið síðan alla þrjú úrslitaleiki sína. Við þetta bætist að karlalið Stjörnunnar í blaki hefur sex sinnum orðið bikarmeistari á þessum tíma. Stjörnufólk kann greinilega mjög vel við sig í bikarúrslitunum í Höllinni.



skot fóru í markið. Fram minnkaði muninn í fjögur mörk fyrir hálfleik, 13-9, og jafnaði metin í 17-17 þegar 10 mínútur voru til leiksloka.

„Við byrjuðum leikinn hræðilega og gerðum ekki neitt eins og við ætluðum okkur að gera en náum að koma til baka sem sýnir ógeðslega mikið hvað við erum góðar,“ sagði Steinunn Björnsdóttir, fyrirliði Fram, sem var að venju öflug í vörninni og skoraði auk þess fjögur mörk af línunni.

Síðustu 10 mínútur leiksins voru taugar leikmanna þandar til hins ýtrasta. Helena Rut kom Stjörnunni yfir en Steinunn jafnaði. Helena Rut kom Stjörnunni svo aftur yfir, 19-18. Fram fékk tvær sóknir til að jafna metin. Þær enduðu báðar með skotum frá Ragnheiði; Hafðis varði annað þeirra

en hitt fór framhjá þegar 20 sekúndur voru eftir.

Öll egginn í sömu körfunni

Stefán Arnarson, þjálfari Fram, setti öll egginn í körfu Ragnheiðar sem virtist vera með frjálst skotleyfi. Hún tók 23 skot í leiknum (og skoraði sjö mörk), allir hinir leikmenn Fram tóku samtals 26 skot. Ragnheiði var þó að vissu leyti vorkunn því hinir útileikmenn Fram horfðu varla á markið á lokakaflanum.

„Við fáum bara 18 mörk á okkur sem hefur ekki oft tekist í vetur og sem betur fer náum við því í bikarúrslitaleik. Hafðis var líka frábær fyrir aftan okkur og við unnum vel saman,“ sagði Sólveig Lára Kjærnest, fyrirliði Stjörnunnar, sem lyfti bikarunum í leikslök. ingvithor@365.is



Zlatan ánægður með dagsverkið; tvö mörk og bikar. NORDICPHOTOS/GETTY

ZLATAN FÆRÐI UNITED BIKAR

FÓTBOLTI Þrátt fyrir að hafa bara spilað með Manchester United í sjö mánuði er Zlatan Ibrahimovic kominn í guðatölu á Old Trafford.

Zlatan tryggði United deildarbikarinn í gær þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Southampton í úrslitaleiknum á Wembley. Zlatan skallaði þá boltann í netið af stuttu færi eftir fyrirgjöf Anders Herrera. Lokatölur 3-2, United í vil.

„Þetta er ástæðan fyrir því að ég koma, til að vinna og ég er að vinna. Því meira sem ég vinn því ánægðari verð ég,“ sagði Zlatan sem var alveg með það á hreinu deildarbikarinn væri titill númer 32 á hans glæsilega ferli.

Einhverjar efasemdaraddir heyrðust þegar hinn 35 ára Zlatan kom á frjálsri sölu til United. En hann hefur þaggað niður í þeim; spilar alla leiki og skorar í þeim flestum. „Ég spáði þessu. Margir héldu að ég gæti þetta ekki, en ég held bara áfram,“ sagði Zlatan sem er kominn með 26 mörk í öllum keppnum í vetur.

United átti undir högg að sækja í úrslitaleiknum gegn spræku liði

Southampton. Zlatan kom United yfir með skoti beint úr aukaspyrnu á 19. mínútu. Sjö mínútum fyrir hálfleik tvöfaldaði Jesse Lingard forskotið en Ítallinn Manolo Gabbiadini minnkaði muninn í uppbótartíma fyrri hálfleiks.

Gabbiadini var svo aftur á ferðinni á 48. mínútu þegar hann jafnaði metin með skemmtilegu skoti. Hann hefur skorað fimm mörk í fyrstu þremur leikjum sínum fyrir Southampton. Gabbiadini var tekinn af velli á 83. mínútu og fjórum mínútum síðar skoraði Zlatan sigurmarkið og tryggði United fimmta deildarbikartitilinn í sögu félagsins.

„Í hreinskilni sagt vann hann leikinn fyrir okkur því hann var frábær. Í leik þar sem andstæðingurinn var betri en við á löngum köflum gerði hann gæfumuninn og færði okkur bikarinn,“ sagði José Mourinho um Zlatan eftir leik.

Portúgalinn varð í gær fyrsti stjórinn í 139 ára langri sögu Manchester United til að vinna titil á sínu fyrsta tímabili við stjörnvölinn hjá liðinu. – **ÍÞS**

ÞRIÐJA ÞRENNAN Á ÁRINU

FÓTBOLTI Harry Kane fór heim með boltann eftir leik Tottenham og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni í gær. Spurs vann leikinn 4-0 og skoraði Kane þrjú fyrstu mörk liðsins í leiknum og það tók hann aðeins 23 mínútur að skora þrennuna.

Þetta var önnur þrenna Kanes á einni viku en hann skoraði öll þrjú mörk Spurs í 0-3 útsigri á Fulham í 16 liða úrslitum ensku bikarkeppninnar á sunnudeginum fyrir viku. Þetta er jafnframt þriðja þrenna hans á árinu 2017 en hann gerði einnig þrjú mörk í 4-0 sigri á West Brom 12. janúar síðastliðinn.

Með sigrinum á Stoke komst Spurs upp í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar. Sigurinn var líka mikilvægur eftir vonbrigðin í Evrópuvæðingunni. Kane skoraði þá sjálfsmark í 2-2 jafntefli við Gent á Wembley. Belgarnir unnu fyrri leikinn og fóru áfram, 3-2 samantlagt.

Kane er nú orðinn markahæstur í ensku úrvalsdeildinni ásamt Romelu Lukaku, leikmanni Everton, og Arsenal-manninum Alexis Sánchez en þeir hafa allir skorað 17 mörk. Kane, sem varð markakóngur deildarinnar í fyrra, hefur reyndar þurft færri leiki til að ná þessum 17 mörkum en Lukaku og Kane.

Uppgangur Kanes á síðustu rúmu tveimur árum er magnaður en þessi öflugi framherji er búinn að skora 63 mörk í 93 leikjum á síðustu þremur tímabilum í ensku úrvalsdeildinni. – **ÍÞS**



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 26. umferðar 2016-17

Chelsea - Swansea 3-1

1-0 Cesc Fàbregas (19.), 1-1 Fernando Llorente (45+2.), 2-1 Pedro (72.), 3-1 Diego Costa (84.).

C. Palace - Middlesbr. 1-0

1-0 Patrick van Aanholt (34.).

Everton - Sunderland 2-0

1-0 Idrissa Gueye (40.), 2-0 Romelu Lukaku (80.).

Hull - Burnley 1-1

1-0 Tom Huddlestone, viti (72.), 1-1 Michael Keane (76.).

Rautt spjald: Ashley Barnes, Burnley (90+2.).

West Brom - Bournem. 2-1

0-1 Joshua King, viti (5.), 1-1 Craig Dawson (10.), 2-1 Gareth McAuley (21.).

Watford - West Ham 1-1

1-0 Troy Deeney, viti (3.), 1-1 André Ayew (73.).

Rautt spjald: Michail Antonio, West Ham (86.).

Tottenham - Stoke 4-0

1-0 Harry Kane (14.), 2-0 Kane (32.), 3-0 Kane (37.), 4-0 Dele Alli (45+1.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Chelsea	26	20	3	3	55-19	63
Tottenham	26	15	8	3	50-18	53
Man. City	25	16	4	5	51-29	52
Arsenal	25	15	5	5	54-28	50
Liverpool	25	14	7	4	54-30	49
Man. Utd.	25	13	9	3	38-21	48
Everton	26	12	8	6	42-27	44
WBA	26	11	7	8	36-32	40
West Ham	26	9	6	11	35-44	33
Stoke City	26	8	8	10	30-40	32
Burnley	26	9	4	13	28-37	31
Watford	26	8	7	11	30-43	31
S'ton	25	8	6	11	28-31	30
B'mouth	26	7	5	14	36-51	26
Swansea	26	7	3	16	32-57	24
M'brough	26	4	10	12	19-28	22
C. Palace	26	6	4	16	33-46	22
Leicester	25	5	6	14	24-43	21
Hull City	26	5	6	15	23-50	21
Sunderland	26	5	4	17	24-48	19

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Swansea City
Gylfi Þór Sigurðsson
Lagði upp jöfnunarmark Swansea fyrir Fernando Llorente. Þetta var niunda stoðsending Gylfa á tímabilinu.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Er á sjúkralistanum og lék ekki með Burnley þegar liðið náði í sjaldséð útvallarstig gegn Hull.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Lék allan leikinn fyrir Cardiff sem gerði 2-2 jafntefli við Fulham á heimavelli.



Aston Villa
Birkir Bjarnason
Fagnaði sínum fyrsta sigri sem leikmaður Aston Villa þegar liðið vann Derby á heimavelli.



Fulham
Ragnar Sigurðsson
Var ekki í leikmannahópi Fulham sem kom til baka og náði í jafntefli gegn Cardiff.



Bristol City
Hörður B. Magnússon
Spilaði síðustu 19 mínúturnar þegar Bristol City gerði 2-2 jafntefli við Newcastle.



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1812 Manúel Belgrano hífir argentínska fánann að húni í fyrsta sinn í miðju frelssístriði Argentínu.

1812 Skáldið George Byron flytur sína fyrstu ræðu í lávarðadeild breska þingsins.

1900 Breski verkamannaflokkurinn er stofnaður.

1927 Kolakrani er reistur í Reykjavíkurhöfn.

1928 Togarinn Jón forseti strandar við Stafnes á Reykjanesskaga. Fimmán farast en tíu er bjargað.

1933 Marinus van der Lubbe, hollenskur kommúnisti, leggur eld að þýska þinghúsinu og brennur húsið til grunna. Nasistar nýttu atburðinn til að herða löggjöf landsins.

1941 Togarinn Gullfoss ferst ásamt nitján manna áhöfn út frá Snæfellsnesi.

1953 Barnaskólahúsið í Hnífsdal fýkur af grunni í fávíðri og tæstist í sundur. Tæplega fjórtíu manns eru í húsinu og slasast sumir.

2010 Jarðskjálfti, 8,8 að styrk, riður yfir Chile. Yfir 500 látast og tugþúsundir slasast eða missa heimili sín. Flóðbylgja frá skjálftanum lendir á Havái.

Ekta hressileika rugludalla gleðikeppni

Mývatnssleðinn fer fram í 4. sinn þann 11. mars þar sem stórmyndin Fast and the Furious 8 var tekin. Fyrst var keppnin ástæða til að gera eitthvað hressandi og skemmta sér með vinunum en nú verður raunveruleg keppni. Reglurnar eru einfaldar. Smíða þarf sleða sem hvorki er knúinn vélarafli né dreginn eða ýtt af dýri.

